



FRÍTT

FRÉTTA BLAÐIÐ

15. janúar 2006 – 14. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Í leit að ævintýrum

Ólóf R. Einarsdóttir er móðir mesta knattspyrnugóðs Íslendinga og ein fárra kvenna sem rekur afþreyingaferðaþjónstu ásamt því að keyra sjálf með ferðamenn um jökla landsins.



VIÐTAL 18

Glæpir gegn tungumálinu

Enn ein iskyggileg skrudmælgí sést við hlið orðatiltækja á borð við „hina endanlegu lausn“ og „þjóðernishreinsanir“, segir Salman Rushdie.

Í DAG 8

Hárið er eina blekkingin

Í góðu lagi að fagna vel. Inga Lind hélt í gær upp á síðasta daginn sem hún var 29 ára.

TÍMAMÓT 16

Áfram hjá FH

Davíð Þór Viðarsson hefur gefið atvinnumanns-drauminn upp á bátinn í bili og ætlar að einbeita sér að því að spila fyrir FH.

ÍPRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



ÉLJAGANGUR Á VESTURHLUTA landsins en skýjað með köflum austan til. Frost yfirleitt á bilinu 0-6 stig, kaldast inn til landsins.

VEÐUR 4

MEDAL LESTUR KVENNA 12-49 ÁRA

Konur undir fimmtugu velja Fréttablaðið!

53%



36%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.

Eftirlaun skert til að auka verðmæti Landsbankans

Starfsmenn Seðlabankans sæta skerðingu eftirlauna eftir einkavæðingu Landsbankans. Þeir hafa leitað réttar síns en án árangurs. Breytingar gerðar í samvinnu við starfsmenn, segir þáverandi formaður bankaráðs.

EFTIRLAUN Starfsmenn Seðlabankans hafa árangurslaust reynt að hnekkja skerðingu eftirlauna sem ákveðin var fyrir átta árum. Fjór- um málum hafa þeir tapað fyrir Hæstarétti, nú síðast í október síðastliðnum.

Jóhann Ingjaldsson, fyrrverandi aðalbókari Seðlabankans, segir í greinargerð sem hann er að taka saman um málið, að skerðingin hafi verið tengd einkavæðingu Landsbankans, en starfsmenn hans og Seðlabankans voru í sameiginlegum lífeyrissjóði bankamanna. „Ráðherra Seðlabankans var á þessum tíma Finnur Ingólfsson,

en allur málatilbúnaður þessi, sem stefndi að verðmætaaukningu Landsbanka að verulegum hluta á kostnað starfsmanna þess banka og Seðlabankans, var eflaust runninn undan rifjum ráðuneytis Davíðs Oddssonar,“ segir Jóhann.

Skerðingin var meðal annars fólgin í því að afnumin var svenefnd eftirmannsregla, en hún kveður á um að eftirlaun skuli ávallt fylgja launabreytingum eftirmanns í starfinu.

„Stjórnendur Landsbankans, með formanninn Kjartan Gunnarsson í broddi fylkingar á þeim tíma, hafði uppi mikinn áróður meðal

starfsmanna bankans. Þar dugði best að ýja að væntanlegum launa- hækkunum og afsláttarkjörum á hlutabréfum til þess að fá samþykki starfsmanna fyrir breyting- um á eftirlaunum,“ segir Jóhann enn fremur.

Kjartan Gunnarsson hafnar þessu. „Það voru hvorki gulræt- ur né vendir. Breytingar á lífeyr- iskjörum voru gerðar í samvinnu við fulltrúa starfsmanna og Sam- band íslenskra bankamanna og samþykkt á sjóðsfélagafundum,“ segir Kjartan.

Krafa Jóhanns nemur um sex milljónum króna vegna eftirlauna

sem skert voru eftir að hann var byrjaður að taka þau. „Ráðherrar hafa síðan þetta var úthlutað sér og hæstaréttardómurum ríflög eftirlaun með eftirlaunalögnum frægu,“ segir Jóhann.

Samkvæmt ríkisreikningi nemur óvæntur kostnaðarauki vegna eftirlauna hæstaréttardóm- ara 242 milljónum króna frá því að nýju löginn um eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardóm- ara tóku gildi fyrir tveimur árum. Hæstaréttardómur fylgja þeirri sömu eftirmannsreglu og afnumin var hjá bankamönnum.

-jh/sjá síðu 10



HEIMSBYGGÐIN FYLGIST MED Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, hélt blaðamannafund í gær þar sem hann sagði þjóð sína ekki þurfa á kjarnorkuvopnum að halda. Hann sagði tíma til kominn að Vesturlönd færu að treysta Írönum.

Sjá síðu 4
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tvær líkamsrásir í miðbænum í gærmorgun:

Meðvitundarlaus á slysadeild

LÍKAMSÁRÁSIR Karlmaður var fluttur á slysadeild um klukkan sex í gærmorgun eftir að þrír til fjórir menn réðust á hann á Lækjartorgi. Þegar lögregla kom á staðinn voru áráðarmennirnir á bak og burt.

Maður á fertugsaldri réðst á annan mann fyrir utan Café

Amsterdam um klukkan sjö í gærmorgun og sló hann í götuna. Maðurinn sem ráðist var á var fluttur meðvitundarlaus á slysadeild með stóran skurð á efri vör. Áráðarmannurinn var handtekinn á staðnum, en hann varð einnig að flytja á slysadeild þar sem hann var brákaður á hendi. Auk þeirra tveggja

voru tveir aðrir menn fluttir á slysadeildina en þeir höfðu bland- að sér í átökin og annar þeirra var með skurð á augabrún.

Árásirnar hafa ekki enn verið kærðar til lögreglu en hún býst við að það verði gert fljótlega eftir helgi.

-eð

Bilvelta á Reykjanesbraut: Fimmtán ára á stolnum bíl

BÍLÞJÓFNAÐUR Lögreglan í Keflavík fékk tilkynningu um þrjúleitið í fyrriðinu um að bílvelta hefði orðið á Reykjanesbraut.

Þegar hún kom á staðinn reyndist bílstjórinn og tveir farþegar sem voru í bílnum vera fimmtán og sextán ára unglingar sem höfðu stolið bílnum. Unglingarnir voru allir ómeiddir en grunaðir um ölvun og færði lögregla þá til yfirheyrslu. Bíllinn, sem var bílaleigubíll, er mikið skemmdur og jafnvel ónýtur en þjófnadurinn hefur ekki ennþá verið kærður.

-eð

Bilsprengja á Srí Lanka: Íslendingur er óhultur

FRIDARGÆSLA Sprengja sprakk í bíl nálægt höfuðstöðvum norræna friðargæsluliða í borginni Batticaloa á Srí Lanka á föstudaginn. Einn íslenskur friðargæsluliði, af þeim fimm sem Íslendingar eiga í landinu, er í Batticaloa. Hann var nálægt bílnum þegar sprængjan sprakk en honum varð ekkert meint af.

Bíllinn, sem sprengjan sprakk í, er í eigu norrænu friðargæsluliðanna og stóð mannlus á bílastæði í bílskýli við skrifstofur friðargæsluliðsins í borginni. Engan sakaði í árásinni en nokkrir nálægir bílar skemmdust.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, segir að ráðuneytið hafi frétt af þessu á föstudagskvöldi. Þá hafi strax verið haft samband við friðargæsluliðann og komið í ljós að hann, eins og hinir, hafi verið óhultur.



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

-ghs



SIGMAR, GETUR ÞÚ BETUR EN LOGI?

„Ég ætla að minnsta kosti ekki að gera verr en Logi.“

Sigmar Guðmundsson er nýr spyrill Gettu betur, en fyrsta keppnin í vetur fór fram á föstudagskvöldið.

Prestur í Bandaríkjunum:

Fékk 111 ára fangelsisdóm

BANDARÍKIN, AP Fyrirverandi kaþólskur prestur í Bandaríkjunum var á föstudaginn dæmdur í 111 ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn drengjum. Presturinn, Paul LeBrun, var fundinn sekur um nokkur kynferðisafbrot meðan hann vann í kirkjum í úthverfum Phoenix í Arizona á árunum 1986 til 1991.

LeBrun var alls dæmdur fyrir sex kynferðisbrot á ellefu til sextán ára drengjum. LeBrun er 49 ára gamall. - sha

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílfelta Lögreglan í Vík fékk tilkynningu um bílfeltu laust fyrir hádegi í gær sem orðið hafði við Fossala austan við Kirkjubæjarklaustur. Ökumaðurinn var einn í bílnum og slapp ómeiddur.

Ölvunarakstur Lögreglan á Egilsstöðum tók mann fyrir ölvunarakstur um klukkan hálf sex í fyrri nótt. Maðurinn var mjög ölvaður og við blástur reyndist hann vera þrefalt yfir leyfilegum mörkum.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á muna aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Formaður samgöngunefndar um hugmyndir um jarðgöng við Bolungarvík:

Til alvarlegrar skoðunnar

SAMGÖNGUR Um 1.500 manns hafa skrifað undir undirskriftarlista með áskorun um göng frá Syðri-dal við Bolungarvík sem tengjast myndu Vestfjarðargöngunum. Baráttufundur, sem áhugahópur um bættar samgöngur á norðanverðum Vestfjörðum stóð fyrir, var haldinn í Bolungarvík í gær.

Pálína Vagnsdóttir, talsmaður áhugahópsins, var ánægð með árangur fundarins og góða mætingu en hátt í 300 manns sóttu fundinn. Sturla Böðvarsson, samgöngumálaráðgjafi átti að vera á fundinn en komst ekki sökum veðurs. Á fundinum var sett saman ályktum sem send verður



GUÐMUNDUR HALLVARÐSSON Formaður samgöngunefndar vonast til að hægt verði að finna lausn á málinu. ráðgjafi en þar er skorað á hann að finna lausn á samgöngumálum bæjarkjarna norðurhluta Vest-

fjarða „Það þýðir ekki byggja upp byggðakjarna með þjónustu ef samgöngumálin eru ekki í lagi,“ segir Pálína.

Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar Alþingis, tekur undir sjónarmið Pálínu og segir að það sé óviðunandi að fólk þurfi að leggja líf sitt í hættu við að komast á milli staða. Hallvarður segist þó eftir að eiga að kynna sér þessa ákveðnu tillögu nánar. „Mér finnst eðlilegt að þetta mál verði tekið til alvarlegrar skoðunar,“ segir Hallvarður og vonast eftir að hægt verði að finna farsælan flöt á samgöngumálum Vestfirðinga. - sha

Toshiki hyggst kæra vegna hótunarbréfs

Presturinn Toshiki Toma ætlar að leggja fram kærur vegna nafnlausu hótunarbréfsins sem honum barst á föstudag. Hann telur mjög alvarlegt að bréfinu fylgdi bunki af blaðaúrklippum, meðal annars með myndum af börnum hans.

INNFLYTJENDUR Toshiki Toma, japanskur prestur innflytjenda, ætlar að kæra vegna nafnlausu hótunarbréfs sem honum barst á föstudaginn. Hann mun ráðfæra sig við lögfræðinga í dag eða á morgun og í framhaldi af því ætlar hann að kæra málið. „Ég tel þetta mjög alvarlega hótun,“ segir hann.

Toshiki Toma kveðst hafa þá grunnstefnu að þegja ekki og sú stefna verði líka að ná til lögreglu-kæru. „Í hótunarbréfinu sem ég fékk var líka bunki af gömlum og nýjum úrklippum, meðal annars með gömlum og nýjum greinum og myndum af nýbúabörnum, þar á meðal var mynd af börnunum mínum,“ segir hann.

Hótunarbréfið var eins og klippt út úr erlendra kvikmynd, stórt brúnt umslag með límmiða sem var eins og hann hefði verið prentaður út úr tölvu. Ekkert var handskrifað. „Þetta var eins og gerist í kvikmyndunum,“ segir Toma.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, hvetur Toshiki Toma til að kæra málið til lögreglu og segir að Alþjóðahúsið muni aðstoða eftir föngum, til dæmis við að undirbúa kærur og svara spurningum um framgang mála. „Þetta þarf að fara sína leið,“ segir hann.

Lögfræðingur Alþjóðahúss er Margrét Steinarsdóttir. Hún segir það refsivert athæfi að senda hótunarbréf og það sé skoðun sín að sé svona hegðun látin óatalin og ekkert aðhafst þrífist hún í samfélaginu. „Auðvitað á maður alltaf að bregðast við, sama hvers konar óásættanleg hegðun það er,“ segir hún.



TOSHIKI TOMA MEÐ HÓTUNARBRÉFIÐ Japanski presturinn Toshiki Toma ætlar að fara með hótunarbréfið nafnlausu til lögreglu og leggja fram kærur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjá Lögreglunni í Reykjavík fengust þær upplýsingar að Toshiki Toma gæti komið á morgun og kært hótunarbréfið. Það verði þá rannsakad og reynt að rekja hvaðan það er komið. Finnist sendandinn verði hann boðaður í skýrslutöku og svo fari málið sína leið.

Einar Skúlason hvetur innflytjendur til að láta vita ef þeir fá hótunarbréf. „Það er gott að vita af því

til að geta brugðist við. Sá sem ritar svona bréf hlýtur að hafa rangar og villandi upplýsingar. Gott væri að ræða við hann og leiðrétta þær,“ segir hann.

Könnun Alþjóðahúss sýnir að andstaða þess að fá útlendinga til að vinna hér á landi hefur vaxið úr 57,7 prósentum árið 1999 í 71,9 prósent árið 2004.

ghs@frettabladid.is

Forsetakosningar:

Finnar kjósa forseta í dag

FINNLAND Finnar ganga að kjörborðinu í dag til að velja sér forseta. Skoðanakannanir síðustu vikur hafa sýnt að líklegri er að kosið verði milli tveggja efstu frambjóðendanna í lok janúar. Það fer þó eftir því hvaða stuðning Tarja Halonen, forseti Finnlands, fær í dag.

Í norrænum fjölmiðlum hefur komið fram síðustu daga að stuðningur við Halonen hefur haldið sig við 50 prósentin þó að hann sé heldur á niðurlægi. Ef forsetinn fær ekki meira en 51 prósent atkvæða í dag verður kosið aftur 29. janúar. Í framboði eru sex karlar og tvær konur. - ghs

Dauðarefsingar vestanhafs:

Sekt sönnuð eftir aftöku

BANDARÍKIN, AP DNA-rannsóknir hafa sannað sekt manns sem tekinn var af lífi í Virginíuríki í Bandaríkjunum árið 1992. Roger Coleman neitaði ávallt sök, en hann var ákærður fyrir að hafa nauðgað og myrt mágkonu sína árið 1981.



SEKT SÖNNUÐ DNA-rannsóknir hafa sannað sekt Rogers Warner, lét framkvæma rannsóknirnar, en andstæðingar dauðarefsingar vonuðust til þess að þetta yrði í fyrsta sinn þar sem sakleysi yrði sannað eftir aftöku fanga. Warner er talinn líklegur til að keppa um útnefningu Demókrataflokksins til forsetaframboðs árið 2008. - smk

Fráfarandi ríkisstjóri Virginíu, Mark Warner, lét framkvæma rannsóknirnar, en andstæðingar dauðarefsingar vonuðust til þess að þetta yrði í fyrsta sinn þar sem sakleysi yrði sannað eftir aftöku fanga. Warner er talinn líklegur til að keppa um útnefningu Demókrataflokksins til forsetaframboðs árið 2008. - smk

Sjúkraflug:

Fjórir sjúklingar sóttir

SJÚKRAFLUG Óvenjumikið var að gera í sjúkraflugi í gær og voru fjögur sjúkraflug farin. Fyrsta flugið var til Kulusuk í gærmorgun og var mikið slasaður sjúklingur fluttur til Reykjavíkur. Þá var veður sjúklingur frá Siglufirði sóttur til Saudárkróks. Ekki var hægt að biða eftir að flugbrautin á Siglufirði yrði rudd og var því ekið með manninn til Saudárkróks og flogið með hann til Akureyrar. Skömmu síðar var flogið frá Akureyri til Keflavíkur til að sækja sjúkling sem var að koma úr aðgerð erlendis og var flogið með hann til Akureyrar. Í fjórða fluginu var svo alvarlega veikir sjúklingur fluttur frá Egilsstöðum til Reykjavíkur. - ghs

Úrslit prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ í gær:

Erling Ásgeirsson sigraði

GARÐABÆR Erling Ásgeirsson bæjarfulltrúi hlaut afgerandi kosningu með 848 atkvæði í fyrsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Garðabæ í vor. Efstá konan á listanum er Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir. Hún var kosin í fimmta sæti.

„Ég er þakklátur þeim fjölmörgum sem hafa stutt mig og unnið með mér í þessu. Það er stórkostlegur sigur að það skuli vera svona mikil þátttaka í prófkjörinu og það er stórsigur út af fyrir sig að félagafjöldinn í floknum hefur nánast tvöfaldað,“ sagði Erling Ásgeirsson í gærkvöld.

Í öðru sæti er Páll Hilmarsson, í þriðja sæti er Stefán Konráðsson og í fjórða sæti Sturla Þorsteinsson. Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir er í fimmta sæti.



Á KJÖRSTAÐ Þátttakan var góð. Um 80 prósent flokksfélaga greiddu atkvæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Athygli vekur hve hlutur kvenna er rýr í prófkjörinu. Þá vekur líka athygli að þrjár nýir koma inn í efstu sætin. Þetta eru þau Stefán Konráðsson og Sturla Þorsteinsson í þriðja og fjórða sæti og Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir í fimmta sæti. Þá lenti

bæjarfulltrúi flokksins, Laufey Jóhannsdóttir, í sjöunda sæti. „Stjórn fulltrúaráðsins hefur síðasta orðið um hvernig listinn verður skipaður,“ segir Erling.

Um 1.800 manns greiddu atkvæði í prófkjörinu, eða um 80 prósent félaga. - ghs




PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í KÓPAVOGI 21. JANÚAR 2006

Ég vil þakka þann hlýhug og stuðning sem ég hef fundið fyrir síðustu daga.

Erling Ásgeirsson

Skólastjóri Lindaskóla og bæjarfulltrúi

Kjósum Gunnstein Sigurðsson í 2. sæti



GOTT FOLK MCCANN

Milljónamæringur nr. 9

Ég reyni bara að lifa
eins eðlilegu lífi með
þessu og ég get

Það fylgir því stórkostleg tilfinning að vinna en stundum er bara einfaldara að halda því út af fyrir sig. Á þessu ári drögum við út yfir 200 milljónamæringa. Tryggðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.



**HAPPDRETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 13.01.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	61,08	61,38
	Sterlingspund	107,91	108,43
	Evra	73,64	74,06
	Dönsk króna	9,872	9,93
	Norsk króna	9,12	9,174
	Sænsk króna	7,916	7,962
	Japanskt jen	0,5331	0,5363
SDR		88,49	89,01

Gengisvísitala krónunnar
103,3046

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

NÁMUVERKAMENN Alls voru 70 námu-
verkamenn að störfum þegar slysið varð.

Alvarlegt námuslys í Rúmeníu:

Fimm látnir og
tveir týndir

RÚMENÍA, AP Fimm létust og tveggja er saknað eftir sprengingu í námu í suðvesturhluta Rúmeníu í gær að sögn stjórnvalda þar í landi. Fimm aðrir fengu alvarleg brunasár en eru þó ekki í lífshættu.

Sprengingin varð er metangas lak í einn stökk námunar þar sem 70 menn voru við vinnu. Mildri þykir að ekki fór verr en vegna sprengihættu er enn ekki hægt að senda leitarmenn inn í stökkinn til þess að leita að mönnum tveimur sem enn er saknað. Námuslys eru býsna algeng í Rúmeníu en alls létust fimm manns í námuslysum þar í landi í fyrra. -sha

Slæm færð um landið í gær:

Viða ófært á
Vestfjörðum

SAMGÖNGUR Færð á vegum var slæm víða um land í gær. Um allt vestanvert landið og nokkuð austur með suðurströndinni var eljagangur.

Skafrenningur var á Holtavörðuhæði og Bröttubrekku og snjó og hálsa á vegum en allar helstu leiðir voru færar. Á Vestfjörðum var ófært um Klettsháls, Kleifarheiði og Steingrímsfjarðarheiði. Skafrenningur var frá Patreksfirði til Bíldudals, á Gemlufallsheiði og um Óshlíð til Bolungarvíkur. Á Norðurlandi og Austurlandi var víða snjó og hálsa á vegum. -eð

Mahmoud Ahmadinejad forseti Írans sendi Vesturlöndum tóninn:

Halda rannsóknum áfram

ÍRAN, AP Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, segir að Vesturlönd hafi engar sannanir sem sýni að Íranir séu að þróa kjarnorkuvopn. Hann segir að þjóðin muni halda áfram kjarnorkurannsóknum til þess að nýta við raforkuframlæislu og segir að þjóðin sé ekki að auðga úran. „Þjóð okkar þarfnast ekki kjarnorkuvopna. Það er hægt að nota kjarnorkutækni á margan hátt og við viljum gera svo friðsamlega,“ sagði Ahmadinejad.

Forsetinn sagði einnig að mótmæli Vesturveldanna væru óskiljanleg. „Það er greinilegt að þau vilja ekki að íranska þjóðin



taki vísindalegum framförum,“ segir Ahmadinejad og spyr hvort Vesturveldin hugsu enn eins og á miðöldum.

Í vikunni hófu Íranir aftur kjarnorkurannsóknir gegn vilja Vesturveldanna sem hafa á móti hótad að setja á landið viðskiptabann. Utanríkisráðuneyti Írana hefur þó boðið Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni og fleirum að samningaborðinu. -sha

FORSETI ÍRANS Ahmadinejad segir að Vesturlönd vilji ekki að íranska þjóðin taki vísindalegum framförum.

Reyðarfjörður:

50 Pólverjar
koma á viku

STÓRÍÐJUFRAKVAEMDIR Gert er ráð fyrir því að fimmtíu Pólverjar komi til Bechtel á Reyðarfirði á viku fram á mitt sumar og að starfsmannafjöldinn nái hámarki í júlilok, verði 1.600 starfsmenn.

Björn S. Lárusson, samskiptastjóri hjá Bechtel, segir að Pólverjarnir byrji á öryggisnámskeiði sem standi í viku. Þeir komi ekki fleiri í einu því Bechtel geti ekki tekið fleiri en fimmtíu starfsmenn í senn á námskeiðið.

Í dag eru eitt þúsund starfsmenn á svæðinu, um 300 Íslendingar, 600 Pólverjar og 100 af öðru þjóðerni. -ghs

Sýni úr villtum fuglum
reyndust öll vera neikvæð

Nítján sýni sem tekin voru úr villtum fuglum hér á landi til að athuga hvort þeir væru sýktir af fuglaflensuveiru reyndust vera neikvæð. Á þessu ári þarf að taka á fjórða þúsund sýna.

FUGLAFLENSA Nítján sýni sem tekin voru úr villtum fuglum hér á landi og send utan til að rannsaka hvort fuglaflensuveirurnar H5 og H7 fyndust í þeim, reyndust vera neikvæð. Þetta upplýsir Jarle Reisen, dýralæknir alifuglasjúkdóma, sem nýlega hefur fengið niðurstöðurnar í hendur. Níu sýni til viðbótar úr villtum fuglum eru enn til rannsóknar ytra.

„Þessi niðurstaða er mikill léttir,“ segir Jarle, sem segir sýnin hafa verið úr álfutum, gæsnum og stökkönd.

Jarle er nýkominn frá Brussel, þar sem hann var fulltrúi Íslands í sérfræðinganevnd á vegum Evrópusambandsins. Hópurinn ræddi einkum niðurstöður könnunar á fuglaflensuveirum í villtum fuglum í mismunandi löndum í lok árs 2005.

„Sem betur fer greindust ekki mörg tilvik af H5 veirunni,“ segir Jarle, en tegundin H5N1 er sú sem reynst hefur skæðust fyrir alifugla í löndum þar sem hún hefur komið upp. „Skæða veiran greindist náttúrulega í villtum

fuglum í Rúmeníu og Tyrklandi en einnig á Ítalíu og í Króatíu. Í mörgum löndum greindust ekki fuglaflensuveirur, en í nokkrum löndum reyndust allt að 10-12 prósent af fuglum sýkt af flensuveirum, þar sem mest var. En þar var í fæstum tilvikum um að ræða H5N1, heldur aðrar veirur.“

Jarle segir að rúmlega 1600 sýni hafi verið rannsökuð í Bretlandi. Þrjú þeirra hafi verið jákvæð af H2 og H6, en H5N1 hafi ekki greinst. Engin dæmi séu um að þær veirur sem greinst hefðu þarna hafi valdið sjúkdómi í fuglum eða mönnum.

„Áhættumat okkar hér á landi hefur verið með þeim hætti að við teljum ekki líklegt að fuglaflensa berist til Íslands eins og staðan er nú,“ segir Jarle. „Staðan í Bretlandi í árslok styður að sama áhættumat gildi eitthvað áfram. Spurningin er hvað gerast muni síðar í vetur, þegar farfuglarnir hjá þeim komast á meiri hreyfingu, því langflestir íslensku farfuglanna koma þaðan.“

Jarle segir sérfræðingana hafa rætt nauðsyn áframhaldandi rannsókna á alifuglum og villtum fuglum árið 2006. Lagt hafi verið til við aðildarlöndin að draga alls ekki úr þeim rannsóknum.

„Samkvæmt tillögnum sem settar voru fram var lagt til að rannsaka tiltekinn hluta alifugla,“ bætir hann við. „Ef við eigum að fara eftir því hér á landi þá þurfum við að taka sýni úr á þriðja þúsund alifuglum á þessu ári. Þá þurfum við að gera ráð fyrir 500-1000 sýnum úr villtum fuglum á sama tíma.“

jss@frettabladid.is



FARFUGLAR Ekki er talið líklegt að fuglaflensa berist með farfuglum hingað til lands í vor eins og staðan er í dag, að sögn dýralæknis alifuglasjúkdóma.



FUGLAR Í ISTANBÚL Borgarstarfsmenn í Istanbul í Tyrklandi sækja hænsni til förgunar. Fréttablaðið/AP

Fuglaflensan í Tyrklandi:

Fuglum fargað

TYRKLAND, AP Tyrkneska ríkisstjórnin hefur komið saman starfshópi sem á að vinna að lausn á vanda alifuglaræktunar í landinu.

Nú þegar hefur fjöldi fólks smitast af svokallaðri H5N1 afbrigði fuglaflensunnar í Tyrklandi og nýlega létust þrjú þar í landi af hennar völdum. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, hefur beðið um sérstakt leyfi stjórnvalda til að fara inn á sýkt

svæði til þess að leita sýna og frekari upplýsinga. Hræðsla við þessa banvænu gerð fuglaflensunnar í Vestur-Evrópu eykst með hverjum deginum eftir því sem veiran færir vestar og vestar. Í gær greip sem dæmi um sig mikil skelfing í Belgíu er rússneskur fréttamaður skræði sig inn á sjúkrahús með einkenni fuglaflensunnar en blóðprufur sýndu fram á að ekki var um fuglaflensuna að ræða. -sha

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafræna myndavéla og meðferð stafræna mynda í tölvu.

- Stillingar stafræna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimaprentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu tekið fyrir



Verð: kr. 15.000, (Innifalinn er ný kennslubók á íslensku).
Næsta námskeið hefst 20. janúar.



TÖLVUSKÓLINN
PEKking

Faxafan 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

VEÐURSPÁ


um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson,
veðurfræðingurHLYNAR UM
MIÐJA VIKUNA

Það eru ekki mikil hlýindir í kortunum alveg næstu daga og því mun sá snjó sem fallið hefur haldast eitthvað. Það er að sjá að það verði skammvinn hlýindir um miðja vikuna, líklega á miðvikudag og þá mun eitthvað taka upp af snjónum, en við erum reyndar ekki að tala um mikinn hita, eða rétt um 3-4 gráður.

HÖRFUR Í
HÖFUDBORGinni

Fremur hæg suðvestan átt með eljum. Hiti við frostmark.



Á morgun



Yfirleitt hægletisveður, síst fyrir austan.

Þriðjudagur



Strekkingur allra austast annars hægar.

Kaupmannahöfn	2°C skýjað	París	6°C skýjað	Alicante	16°C léttskýjað
Oslo	2°C hálfskýjað	Berlín	2°C léttskýjað	Milano	11°C léttskýjað
Stokkhólmur	2°C léttskýjað	Frankfurt	2°C léttskýjað	New York	-1°C el
Helsinki	0°C alskýjað	Madrid	9°C léttskýjað	San Francisco	13°C léttskýjað
London	9°C léttskýjað	Barcelona	11°C hálfskýjað	Orlando/Florida	17°C léttskýjað

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skygð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknud með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

0101010ATGC10101010ATGC101010101010ATGC10101010ATGC1010101010

1010ATG

01010A

10ATG

01010101010ATGC1010

01010ATGC10ATGC0

0101010ATGC101010

010ATGC1010

ATGC01010A

010100101010

Framtíðin er í okkar höndum

Þróun verðmætasköpunar í hátækniönaði

frá 1993 til 2004



Verði starfsskilyrði sambærileg því sem best gerist í nágrannalöndunum er því spáð að hlutfallslegt vægi verðmætasköpunar í hátækniönaði tvöfaldist milli árunna 2004 og 2010.



TM Software

TM Software er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrtæki, stofnað 1986, með starfsemi í 12 löndum og yfir 1.800 viðskiptavinum um allan heim. Starfsmenn félagsins eru um 460 og velta þess var 4,1 milljarður árið 2005.



ORF Líftækni hefur þróað tækni til framleiðslu á verðmætum lífefnum í erfðabættum plöntum. Framleiðsla hefst á næstunni og verða lífefnin seld á erlendum markaði til notkunar á rannsóknastofum, til lyfjagerðar og ýmiss konar iðnaðar. Hjá fyrirtækinu starfa nú 13 manns.



Marel samstæðan er í fararbroddi á alþjóðamarkaði í þróun og markaðssetningu hátækni búnaðar fyrir kjöt-, kjúklinga- og fiskiðnað. Starfsmenn eru um 350 innanlands og 670 erlendis. Marel samstæðan rekur 15 dótturfyrirtæki og er með 30 umboðsmenn um heim allan. Um 98% af tekjum Marel koma erlendis frá.



Actavis er alþjóðlegt lyfjafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu samheitalyfja. Samstæðan hefur einnig styrkt stöðu sína sem seljandi lyfjahugvits. Fyrirtækið er nú eitt af 5 stærstu fyrirtækjunum á samheitalyfjamarkaði, með um 10.000 starfsmenn í 32 löndum. Höfuðstöðvar félagsins eru á Íslandi en fyrirtækið rekur auk þess þróunarsetur og verksmiðjur í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu.



Landsteinar Strengur

Landsteinar Strengur er forstufyrirtæki í upplýsingatækni sem byggir starfsemi sína á þekkingu á fjölbreyttu rekstrarumhverfi fyrirtækja. Í krafti þeirrar þekkingar býður fyrirtækið heildarlausnir á sviði fjármála, þjónustu, heilidsölu, dreifingar og verslunar. Landsteinar Strengur er stærsti seljandi viðskiptahugbúnaðar frá Microsoft Business Solutions á Íslandi og einn stærsti þróunar- og söluaðili Microsoft sérlausna á erlendum mörkuðum.



PEKKING

Þekking er öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Þar vinna um 50 manns og viðskiptavinir eru rúmlega 500, þar af nokkur af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins. Starfsstöðvar félagsins eru bæði á Akureyri og í Kópavogi.



TrackWell sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir auðlindastjórnun MRM (Mobile Resource Management). Helstu MRM-lausrir TrackWell eru TracScape flota-stýringar- og eftirlitskerfi, Tímon tíma- og verkskráningar-kerfi ásamt SeaData útgerðarstjóra og afladagbók. Viðskiptavinir TrackWell er að finna í öllum greinum atvinnulífsins, innanlands og erlendis, en um 40% tekna fyrirtækisins koma erlendis frá.

Minum á fundinn með stjórnáráðgjöf, starfsmönnum hátækniyrirtækja og raunvísindanemum á morgun 16. janúar kl. 15:30 á Grand Hótel. Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.si.is



Samtök iðnaðarins

Samtök íslenskra líftækniyrirtækja - Samtök sprotafyrtækja - Samtök upplýsingatækniyrirtækja

Actavis, AGR, ANZA, Ax-hugbúnaðarhúsi, CCP, Fjölblandir, Gagárin, Hjartavernd, Hópvinnuakerfi, Hugbúnaður, Hugsmíðjan, Hugur, Hugvit, HV Grettir, ICEconsult, Kiesel Software, Klak, KLH, Landsteinar-Strengur, Líf-Hlaup, Lyfjapróun, Marel, Marorka, Menn og Mýs, Mentor, NimbleGen Systems, Orf líftækni, Petromodel, Prokaria, Rannsóknarþjónustan Sýni, SagaMedica, Samey, Skýrt Stiki, TM Software, Trackwell, Tölvumiðlun, Urður Verðandi Skuld, Vaki DNG, Viassis Healthcare Island, Þekking-Tristan og Össur



KJÖRKASSI

Telurðu að Íranar séu að þróa kjarnorkuvopn?

Já	65%
Nei	35%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telurðu að fordómar gagnvart innflytjendum fari vaxandi?

Segðu skoðun þína á visiris



Enn þrengir að hestamönnum á höfuðborgarsvæðinu:

Verktakar vilja í fleiri hesthúsa hverfi

SKIPULAGSMÁL Verktakar sem keypt hafa allnokkur hesthús á félagssvæði hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi eru nú byrjaðir að kaupa hesthús í öðru hesthúsa hverfi, Heimsenda, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Heimsendi stendur við Rjúpnahæð og þar halda einkum hross sín félagsmenn í hestamannafélagnum Andvara og Gusti.

Nýverið var undirritaður samningur milli Engilberts Runólfssonar verktaka og hesthúsaeygenda í Heimsenda um kaup hans á 14 hesta húsi. Kaupverð verktakans, samkvæmt upplýsingum blaðsins, er 14 milljónir króna. Þetta er svip-

að verð og verktakar hafa verið að greiða fyrir hesthús í Gusti eða í kringum milljón fyrir plássíð. Hesthúsaeygundur í Heimsenda sem rætt var við í gær hörmuðu þá aðstöðu sem þeir væru komnir í þar sem búið væri að rústa reiðleiðir í hverfinu og bæjaryfirvöld sýndu engan vilja til að bæta þar úr.

Stjórn Gusts hefur nú ákveðið að ganga inn í sex kaupsamninga sem verktakar höfðu gert við hesthúsaeygendur, að sögn Þóru Ásgeirsdóttur, formanns félagsins. Hún segir stjórnina vera að íhuga hvort hún muni ganga inn í einn samning til viðbótar sem gerður hefur verið.

- jss



HEIMSENDI Uppkaupsmennirnir svokölluðu eru nú farnir að kaupa hesthús í Heimsenda.

Ný og betri sambönd



Gerum gott samband ennþá betra!

Vikunámskeið fyrir hjón og pör á blómaeyjunni Tenerife dagana

2. - 9. febrúar 2006. Við gistum á La Siesta, glæsilegu hóteli sem er mjög vel staðsett á Americas ströndinni. Markmiðið er að við njótum lífsins í dansi, slökun og góðum mat.

Markmið námskeiðsins er að slaka á, hreyfa sig saman og æfa sig í að vera saman á nýjan og spennandi hátt.

Námskeiðið leiða Theodóra Sæmundsdóttir og Jóhann Örn Ólafsson danskennarar, ásamt Bjargey Aðalsteinsdóttur íþróttafraeðingi.

Jói og Thea hafa kennt dans í áraradír í Danssmiðjunni. Á námskeiðinu finnum við út hvaða dans lýsir hverju pari best og hvaða dans hentar best til að krydda sambandið og örva það. Erud þið Polki eða Tangó, Samba eða Salsa? Á suðrænni eyju er öruggt að töframir gerast á dansgólfinu! Bjargey sér um andlegu hliðina með yogaleikfimi og annarri hreyfingu og hollustu.

Skemmtunin verður við völd í þessari ferð með þaulvönnum fararstjórum og blandaðri dagskrá við allra hæfi.

Ný og betri kona

Aðeins 3 sæti laus í námskeið Sumarferða og Dale Carnegie á Tenerife 16. - 23. febrúar. Betri heilsa, aukid sjálfstraust og bætt tjáning!


SUMAR FERÐIR

— ALLTAF Á RÉTTU VERÐI

Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn www.sumarferdir.is

Stjörnuryk

NASA býst við því að hylki frá geimfarinu Stjörnuryki lendi í Utah í Bandaríkjunum klukkan 10.12 í dag. Geimfarið, sem skotið var á loft árið 1999, hefur farið þrisvar í kringum sólina og safnað ryki úr halastjörnu í hylkið.



Halastjörnuryk á leið til jarðarinnar

Hylki með sýnum úr stjörnuryki kemur til jarðar í dag. Hylkið er úr geimfarinu Stjörnuryki, sem Geimferðastofnun Bandaríkjanna sendi út í geim árið 1999.

BANDARÍKIN, AP Vísindamenn Geimferðastofnunar Bandaríkjanna, NASA, gera ráð fyrir að taka á móti hylki fullu af halastjörnuryki í Utah í dag. Hylkið kemur úr geimfarinu Stjörnuryki, sem skotið var ómönnuðu á loft árið 1999. Þetta er í fyrsta sinn sem ryki halastjörnu er safnað. „Við erum að komast á leiðarenda fráberrar ferðar,“ sagði Don Brownlee, sem fer fyrir rannsókninni, á fimmtudag.

Snemma á laugardag að íslenskum staðartíma breytti geimfarið stefnu sinni í þriðja og síðasta sinn. Aðfaranótt sunnudagsins átti það að sleppa hylkinu sem síðan átti að falla inn í gufuhvolf jarðar og

lenda með aðstöð fallhlífar í Utah um tíuleytið í morgun. Móðurskipið heldur hins vegar áfram eilífri ferð sinni kringum sólina.

Lending hylkisins markar endann á sjö ára rannsókn sem kostað hefur 13 milljarða íslenskra króna. Á þessari sjö ára ferð hefur geimfarið Stjörnuryk ferðast þrisvar um sólina. Einnig fór það fram hjá halastjörnunni „Wild 2“ og safnaði geimryki úr hala hennar. Jafnframt safnaði geimfarið ryki því sem er að finna á milli stjarna. Öll sýnishornin voru síðan geymd í hylkinu, sem gert er ráð fyrir að lendi á tilrauna- og æfingasvæði NASA í Utah í dag.

Vísindamennirnir telja að hylkið geymi um milljón rykagnir, þar af sumar sem gætu verið eldri en sólin. Halastjörnurnar eru gerðar úr frosnum kjörnum sem mynduðust í útjörðum sólkerfisins skömmu eftir að gasský féll saman og myndaði sólina og pláneturnar fyrir um 4,5 milljörðum ára. Rannsóknir á halastjörnum gætu því gefið mikilvægar vísbendingar um uppruna sólkerfisins.

Jafnvel þótt landing hylkisins takist illa, vonast vísindamennirnir til að geta bjargað meirihluta sýnishornanna, því þau eru geymd í sérsmíðuðum, gríðarlega sterkum belg.

smk@frettabladid.is



Í toppformi með Toyota

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SHIA.IS TOY 38879 01/2004



Stórsýning um helgina. „Hraðar, hærra, sterkar.“

Ástsælustu bílar Íslandssögunnar bíða þín á stórsýningu Toyota. Komdu og reynsluaktu nýjum Toyota og þú færð vikukort í Iceland Spa & Fitness

10 heppnir ökumenn sem reynsluaka fá árskort í Iceland Spa & Fitness.

Boðið verður upp á ljúffengar og hollar veitingar.

Sérstakt sýningartilboð frá Glitni er 90% lánshlutfall og allt að 50% afsláttur af lántökugjöldum.

Nýtt ár, nýr Yaris, nýr Hilux og glænýr Aygo.
Þetta verður gleðilegt ár.

Opið í dag, sunnudag frá, kl. 13 til 16.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fosnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Stórhækkun á orku til fyrirtækja í fyrra.

Búa fyrirtæki við rétt orkuverð?

Hvernig má það vera að á sama tíma og verið er að ræða um að stækka eða reisa nokkur ný álver á Íslandi, vegna þess að hér er hagstætt orkuverð og álframleiðendur telja líka af öðrum ástæðum að hér sé hagstætt að setja sig niður, skuli iðnrekendur, sem margir hverjir eru umsvifamiklir á íslenska vísu, þurfa að greiða mun meira fyrir raforku til fyrirtækja sinna vegna lagabreytinga sem tóku gildi fyrir rúmlega einu ári.

Hér í Fréttablaðinu hefur í tvo daga í röð verið fjallað um verð á raforku til íslenskra iðnfyrirtækja og dregin fram sláandi dæmi um verðlagninguna. Þannig segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, í föstudagsblaðinu: „Það sem hefur komið okkur sérstaklega á óvart er að það eru frekar stærri iðnfyrirtækin sem verða fyrir þessu. Þetta kemur til vegna þess að við breytingarnar fóru fyrirtækin yfir á almennan taxa og það þýddi verulega hækkun fyrir mörg þeirra.“

Á nýbyrjuðu ári á að hefjast fyrir alvöru samkeppni á raforkumarkaði, en því máli seinkar að vísu um nokkra mánuði. Hvað út úr því kemur raunverulega er óvíst á þessari stundu.

Í blaðinu í gær er svo leitað skýringa á þessari hækkun hjá iðnaðarráðherra og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Ráðherra sagði af því tilefni: „Hækkun á raforku til iðnfyrirtækja hefur ekkert með innleiðingu samkeppninnar eða tilskipunar frá Evrópusambandinu að gera, heldur notuðu orkufyrirtækin tækifærið á sama tíma og breytingin tók gildi og breyttu hjá sér gjaldskránni.“ Guðmundur Þóroddsson, forstjóri OR segir aftur á móti: „Við vorum alltaf á móti þesum nýju raforkulögum og vissum að breytingarnar myndu þýða hækkun á raforkuverði.“

Nú er það svo að iðnaðarráðherra er bæði ráðherra orkufyrirtækja og ekki síður almennra iðnfyrirtækja í landinu, og ber því kápuna á báðum öxlum í þessu tilviki. Áður en lögin tóku gildi fyrir rúmu ári, þá voruðu margir við því að þau myndu leiða til herra verðs á rafmagni, bæði til almennra nota og svo líka til fyrirtækja. Það kom enda líka í ljós fljótlega að raforka til húshitunar víða á landsbyggðinni hækkaði verulega, þótt síðan hafi einhverjar lagfæringar verið gerðar á húshitunartöxtum hjá sumum en ekki öllum. Það hefði átt að vera hægur leikur að reikna út nákvæmlega hvaða breytingar yrðu á rafmagnstöxtum við umræddar lagabreytingar, en það virðist ekki hafa komið í ljós fyrr en síðar, og er enn að koma í ljós, samkvæmt álitni forsvarsmanna iðnaðarins.

Á nýbyrjuðu ári á að hefjast fyrir alvöru samkeppni á raforkumarkaði, en því máli seinkar að vísu um nokkra mánuði. Hvað út úr því kemur raunverulega er óvíst á þessari stundu, en ef marka má ummæli áður nefndra forystumanna iðnaðarins horfir ekki vel í þeim efnunum, því rafveiturarnar hafa ekkert umframrafmagn til að selja. Því hefur verið haldið fram að stórvirkjanir og orkufrekar iðnaðar hafi líka komið almennum notendum og fyrirtækjum til góða og nú bíðum við bara eftir því að rafalar í Kárahnjúkavirkjun fari að snúast og þá megi búast við betri tíð hvað varðar almennt raforkuverð – eða hvað?

Seyma

Stórútsalan hafin.

Allar vörur með 40% afslætti vegna breytinga.

Seyma · Laugaveg 71

„Sérstakt framsal“ merkir hræðilegir glæpir

„Sérstakt framsal“ (e. extraordinary rendition) er án nokkurs vafa skelfilegasta orðasambandið sem byrjað var að nota í enskri tungu árið 2005.

Það felur í sér skrumskælda merkingu og er í augum okkar sem unnum orðum er greinilegt merki þess að það sé ætlað til að blekkja.

„Sérstakt“ (e. extraordinary) er í sjálfu sér hefandi lýsingarorð, en hér er merking þess teygð til að það nái yfir neikvæða merkingu sem ekki er að finna í orðabókum: „leynilegt“, „miskunnarlaus“ og „ólöglegt“.

„Framsali“ (e. rendition) getur haft ferns konar merkingu í ensku: framsetning, þýðing, framsal - en sú merking er nú álitin úrelt - eða jafnvel „an act of rendering“. Þetta leiðir okkur að sögninni „to render“, en meðal þeirra 17 mögulegu merkingarbrigða sagnarinnar sem gefin eru í orðabókum er ekki að finna: „að ræna einstaklingi eða einstaklingum og flytja þá á leynilegan áfangastað í ótilgreindu landi þar sem pyndingar eru ekki bannaðar með lögum.“

Tungumálið lýtur einnig lögum, og lög tungumálsins segja okkur að þessi nýja notkun Bandaríkjamanna á orðasambandinu sé röng; hún er glæpur gegn tungumálinu. Endrum og eins verða til orðasambönd í orðræðu stjórnmálanna sem fela í sér svo úthugsad kaldlyndi að um okkur fer bæði hræðsla og andstyggð.

Orð sem hylja merkingu

„Skýr orð geta falið mikla glæpi.“ sagði William Safire, dalkahöfundur New York Times, árið 1993 í umfjöllun sinni um annað slíkt orðasamband sem byrjað var að nota: „Þjóðernishreinsun“ (e. ethnic cleansing).

„Hin endanlega laus“ er jafnvel enn hræðilegra orðalag af þessari gerð; nasistarnir notuðu það um iðnaðarmorðin á gyðingum í seinni heimsstyrjöldinni. Annað slíkt orðasamband er: „Viðbrögð við dauðsföllum“ (e. mortality response); skrúðmæli notuð um það að drepa mann sem ég heyrði fyrst á dögum Vietnamstríðsins. Ekkert orðasamband ætti að vera að stolt af slíkum uppruna.

Fólk notar slík orðasambönd til að komast hjá því að nota önnur sem færur vandræðalega nálægt því að lýsa sannleikanum. „Þjóðernishreinsun“ og „hin endanlega laus“ voru notuð til þess að komast hjá því að nota orðið „þjóðarmorð“, og að nota orðasambandið „sérstakt framsal“ felur í sér að málnotandinn er of mikil kveif til að segja: „stríðsfangar sem pyndaðir eru í öðrum löndum.“

Hins vegar, líkt og Cecily segir í leikriti Oscars Wilde The Importance of Being Earnest: „Þegar ég sé stunguskóflu þá kalla ég hana stunguskóflu,“ og það sem við höfum hér er ekki eingöngu stunguskófla heldur skófla ætluð til moksturs, og hún molar upp ansi miklu magni af sora.

Pyndingar og siðleysi

Nú hefur öldungadeildarþingmaðurinn John McCain þröngvað stjórnarskrárbreytingu upp á Hvíta húsið. Stjórnarskrárbreytingin felur í sér að hin alþjóðlega viðurkennda skilgreining á pyndingum - „miskunnarlaus, ómanneskjuleg eða lífllækkandi refsing“ - er orðin að bandarískum lögum, þrátt fyrir að Dick Cheney varforseti hafi beitt sér fyrir því að skilgrein-

Í DAG
GLÆPIR GEGN
TUNGUNNI



SALMAN RUSHDIE

Fólk notar slík orðasambönd til að komast hjá því að nota önnur sem færur vandræðalega nálægt því að lýsa sannleikanum. „Þjóðernishreinsun“ og „hin endanlega laus“ voru notuð til þess að komast hjá því að nota orðið „þjóðarmorð“...

ingin yrði ekki bundin í bandarísk lög. Sá möguleiki að Bush-stjórnin reyni að sniðganga lagabreytingu McCains með „framsali“ fanga, sem álituð er æskilegt að pynda, til landa þar sem lög gegn pyndingum eru ekki eins ströng, þarfnast nánari skoðunar.

Við erum byrjuð að heyra nöfn og frásagnir manna sem handteknir voru og fluttir á milli landa á þennan hátt: Maher Arar, Sýrlendingur búsettur í Kanada, var handtekinn af CIA á leið sinni til Bandaríkjanna og var hann fluttur í gegnum Jórdaníu og til Síurlands þar sem hann var „pyndaður á hrottafullan hátt“ að sögn lögfræðings hans. Khaled el-Masri, þýskur ríkisborgari sem á ættir að rekja til Kúveit og Líbanon, var rænt í Makedóníu og farið með hann til yfirheyrslna í Afganistan þar sem hann mátti þola siundurteknar barsmiðar. Mohammed Haydar Zammar, sem fæddur er í Síurlandi, segist hafa verið tekinn höndum í Marokkó og hafi dúsað næstu fjögur árin í fangelsi í Síurlandi.

Verið er að undirbúa málshöfundir. Lögmenn stefnenda segja að skjólstaðingar þeirra séu aðeins nokkur fórnarlambanna því að enn eigi eftir komast til botns í því hversu margir máttu sæta slíkri meðferð í Afganistan, Egyptalandi, Síurlandi og hugsanlega einnig í öðrum löndum. Rannsóknir munu brátt hefjast í Kanada, Þýskalandi, Ítalíu og Sviss.

Rannsókn CIA hefur leitt í ljós að slík tilfelli eru „innan við 10 talsins“, sem í eyrum margra hljómar sem þvættungur. Verkfæri eru gerð til þess að vera notuð, og það virðist ólíklegt, svo ekki sé meira sagt, að kerfi sem er eins pólitískt áhættusamt og siðferðilega vafasamt væri skapað án þess að vera notað í meira mæli.

Bandarísk yfirvöld hafa valið að taka á málinu á fremur óheflaðan hátt, eins og við var að búast. Þegar Condoleezza Rice utanríkisráðherra var nýlega á ferð um Evrópu sagði hún ríkisstjórnnum landa Evrópu, á nokkuð berorðan hátt, að skipta sér ekki af málinu - sem þeir á á endanum gerðu, á skilvísan og auðsveipan hátt, og báru því við að þær væru sáttar við þau loforð sem Rice gaf.

Skömmu síðar, í lok desember, fyrirskipaði þýska ríkisstjórnin að samkomuhúsi múhamedstrúarmanna nærri München skyldi lokað eftir að þar höfðu fundist skjöl þar sem hvatt var til sjálfsmorðsárása í Irak. Okkur er sagt að Khaled al-Masri hafi sótt þetta samkomuhús reglulega áður en

hann var framseldur á sérstakan máta til Afganistan.

„Aha!“ gætum við hugsað. „Hann er augljóslega vondur karl! Handtakið ræfilinn og farið með hann hvert sem ykkur lystir!“

Bandaríkjastjórn ekki refsað

Það sem er að slíkum hugsunarhætti, líkt og Isabel Hilton á dagblaðinu Guardian benti á í júlí í fyrra. „Sú ranghugmynd að stjórnmálaláman viti betur en lögin kveða á um ein af þeim hættum sem fylgja því að gegna starfi sem felur í sér mikil völd. Ranghugmynd sem þeir er líta á land sitt sem heimsveldi eru líklegri til að hafa en aðrir [...] Þegar ríkisstjórnir víða í Suður-Ameríku tóku upp á því í auknum mæli á áttunda áratugnum að láta menn hverfa sporlaust, kallaði það á hörð viðbrögð í lýðræðisríkjum, þar sem það er eitt af grundvallaratriðum ríkisstjórna sem vilja starfa á lögmætum hátt, að þær haldi ekki föngnum né drepi manneskur án þess að þær fái réttláta málsmeðferð fyrir dómi.“

Með öðrum orðum, spurningin er ekki sú hvort einhver ákveðinn maður er „góður“ eða „slæmur“. Spurningin er sú hvort við erum „góð“ eða „slæm“; hvort ríkisstjórnir okkar hafa dregið okkur með sér í siðleysi með því að virða viðeigandi lagaferli að vettugi, sem almennt er talið að sé mikilvægasti mátarstólpi frjálsra samfélaga ásamt réttindum einstaklingsins.

Hvíta húsið trúir því hins vegar augljóslega að það hafi vilja almennings á bakvið sig í þessu máli sem og í öðrum umdeildum málum líkt og leynilegum hlerunum. Cheney sagði blaðamönnum nýlega: „Þegar hinn almenni bandaríski borgari myndar sér skoðun á málinu mun hann skilja og kunna að meta það sem við erum að gera og jafnframt skilja af hverju við gerum það.“

Það kann að vera að hann hafi rétt fyrir sér eins og málum er hætt að þess mundir, þrátt fyrir að deilan sé ekki við það að leysast. Það mun koma í ljós hversu lengi bandarískur almenningur muni sætta sig við að tilgangurinn helgi alltaf meðalið í aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Í upphafi er orðið. Þegar menn byrja á því að spilla tungumálinu fylgir frekari spilling í kjölfarið. Í desember töluðu nokkrir breskir lögfræðingar til umheimsins á einfaldan og skýran hátt er þeir komu saman sem hæstiréttur til að kveða upp dóm sinn um pynding. „Sá sem pyndar mann er uppfullur af hryllingi, ekki vegna þess að þær upplýsingar sem hann kann að fá frá fórnarlambinu kunni að vera óreiðulegar, heldur vegna þeirra villimannslegru leiða sem hann beitir til að komast yfir þessar upplýsingar,“ sagði Rodger lávarður frá Earlsferry.

„Pyndingar eru óskilgreinanleg illska,“ bætti Brown lávarður við. „Þær er aldrei hægt að réttlæta. Það á alltaf að refsast fyrir þær.“

Það eru því miður miklar líkur á því að Bandaríkin munu ekki sæta refsingu fyrir þær pyndingar sem þau hafa framkvæmt. Þrátt fyrir það munu Bandaríkin ekki losna við að fá á sig óorð vegna þess siðleysis sem þeir hafa gerst sekir um.

Greinin birtist áður í New York Times.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ABSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ísnn 1670-3871

PRÚTTDAGAR

12.-15. janúar.

Yfir 120 1½-2ja ára
vel yfirfarnir og skoðaðir bílar
á vetrardekkjum í boði.

„A special price
only for you my friend“

Dæmi um bíla til sölu:

Nissan Almera 2004
vél 1500 cc 5 gíra
Ásett verð: 1.250.000 kr.
Prúttverð: 990.000?



Nissan Micra 2004
vél 1400 cc 5 gíra
Ásett verð: 1.050.000 kr.
Prúttverð: 850.000?

Nissan Primera 2004
vél 1800 cc sjálfskiptur
Ásett verð: 1.790.000 kr.
Prúttverð: 1.450.000?



Komdu og prúttuðu verðið niður

Prútt-punktar fyrir byrjendur:

Á Prúttdögum Toppbíla geturðu grætt tugbúsundir með réttum undirbúningi.

- Finndu út áður en þú byrjar að prúttu hvað getur talist sanngjarnt verð fyrir bílinn og miðaðu við það.
- Segðu aldrei já við fyrsta tilboði.
- Sýndu sterk svipbrigði þegar lélegt tilboð er lagt fyrir þig.
- Segðu: „Fyrirgefðu, ég held þú getir boðið betur en þetta“, og bíddu svo pollróleg(ur).
- Ekki vera fyrri til að stinga upp á að skipta mismuninum.
- Hafðu eitthvað uppi í erminni sem þú ert tilbúin(n) að gefa eftir, svo að báðir aðilar gangi sáttir frá borði.



SP-FJÁRMÖGNUN

Aðeins 10% útborgun og
allt að 50% afsláttur af lántökugjöldum
af völdum bílum.



TOPPBÍLAR

b í l a s a l a

Nýja bílasölusvæðinu, Kletthálsi 2, sími 5872000, www.toppbilar.is

Opnunartími: Fimmtudag og föstudag kl. 10-22 og laugardag og sunnudag kl. 11-18.

UMMÆLI VIKUNNAR

„DV fór yfir strikið og ekki einasta greip til mann-
orðsmorðs heldur morðs í eiginlegri merkingu.“

Hjalmar Árnason, þingflokksformaður Framsókn-
arflokksins, á heimasíðu sinni á netinu; www.althingi.is/hjalmara.

„Ég veit ekki til þess að núna um þetta leyti sé
neinn kaupandi að þessari orku.“

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í Frétt-
blaðinu 14. janúar um Norðlingaölduveitu.

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Hvatning frá Hæstarétti

Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra óx ásmegin þegar Hæstiréttur dæmdi hann hæfan til að skipa sérstakan saksóknara í Baugsmálinu. Rétturinn staðfesti öllu heldur fyrri niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um þetta efni. Síðastliðinn mánudag skrifaði Björn sem nemur heilli þéttskrifaðri síðu á heimasíðu sinni, einmitt um Baugsmálið.

„Satt að segja skildi ég aldrei, að Gesti Jónssyni og öðrum lögmönnum ákærðra í Baugsmálinu dytti í hug, að ég hefði tekið ákvörðun um að setja nýjan ríkissaksóknara í Baugsmálinu, ef það hefði hvarflað að mér, að ég væri vanhæfur til þess vegna orða minna um Baugsmiðla hér á vefsíðunni eða um Baug í 1. hefti tímaritsins Þjóðmála, sem kom út 14. október 2005 en hinn 21. október 2005 setti ég Sigurð Tómas Magnússon ríkissaksóknara, eftir að Bogi Nilsson ríkissaksóknari hafði lýst sig vanhæfan.“

Björn rekur síðan í löngu máli umræður um málið á Alþingi 20. október síðastliðinn þar sem hart var sótt að honum vegna ummæla fyrr og síðar um Baugsmálið. Það leiðir hugann að því að Fjölmiðlavakt Gallup taldist til að Björn hefði opinberlega tjáð sig mest allra manna um Baugsmálið ef frá væru talin opinber ummæli málsaðila sjálfra.



Buddan ræður alltaf ferðinni

Í DV-málinu í liðinni viku vakti framganga eigenda fjölmiðilsins og auglýsenda nokkra athygli.

Vitað er að fjölmiðlar, til að mynda í Bandaríkjunum, eru býsna viðkvæmir fyrir valdi auglýsenda og oft á tíðum tvinnast hagsmunir eigenda og auglýsenda saman. Fyrir hefur komið að fjölmiðlar taki upp mál sem vekja sterk viðbrögð og fordæmingu almennings. Þeir sýni þætti sem ógna almennri siðgæðisvitund og svo framvegis.

Við slíkar aðstæður eiga bandarískir auglýsendur það til kippa að sér höndum og rifta auglýsingasamningum við viðkomandi fjölmiðil. Þetta hrifur venjulega og miðlarnir rétta kúrsinn á ný. Enda oft um mikla fjárhagslega hagsmuni að tefla.

Það leiðir hugann að því að áratugum saman auglýstu kaupmenn og aðrir, sem verja drjúgum fjármunum til auglýsinga, fyrst og fremst í Morgunblaðinu.

Þegar Morgunblaðið gekk – að því er virtist – gegn Baugi og eigendum þess félags hótuðu þeir að rifta auglýsingasamningum við blaðið.

Þessu má svo snúa við. Ef verðmæta-, gildis- og siðferðismat auglýsendanna laðaði þá að Morgunblaðinu um áratuga skeið má sjálfsgat álykta sem svo að Morgunblaðið hafi aldrei farið gegn hagsmunum þeirra. Alla daga greiða neytendur atkvæði á markaði með buddunni.

... verra er þeirra réttlæti

Fjórar tilraunir fyrrverandi starfsmanna Seðlabankans til að fá bættu skerðingu á eftirlaunum hafa misheppnast. Þeir töpuðu jafnmörgum dómsmálum í Hæstarétti og þykir súrt í broti að sæta skerðingu. Á sama tíma sé seðlabankastjórum tryggð full réttindi og hæstaréttardómararnir sjálfir og ráðherrar fá aukin eftirlaun samkvæmt nýlegum lögum sem núverandi seðlabankastjóri hafði forgöngu um að setja þegar hann var forsætisráðherra.

„Þótt skerðing réttinda um verðtryggingu eftirlauna hafi ljóslega valdið fjárhagstjóni, þá er sárara og erfiðara að sætta sig við að hafa eftir ævistarfið verið hafður að fifli og verið sá einfaldningur að trúá því og treysta að staðið yrði við gerða samninga,“ segir Jóhann Ingjaldsson, fyrrverandi

aðalbókari Seðlabankans, í óbirtri greinargerð sem hann er að semja um málið.

Sjálfur tapaði hann sínu máli í október síðastliðnum í Hæstarétti og þar með hartnær sex milljóna króna kröfu sem hann gerði. Krafan náði aftur til ársins 1997 er ný reglugerð tók gildi í tengsl-



DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI Laun seðlabankastjórans nýja hækkuðu gríðarlega sama dag og forsætisráðherra skrifaði undir skipunarbréf hans.

um við uppstokkun lífeyrismála og einkavæðingu Landsbankans, en starfsmenn Seðlabankans og Landsbankans voru í sameiginlegum lífeyrissjóði. Segja má að réttindi Jóhanns hafi verið skert í miðjum klíðum eða eftir að hann var byrjaður að taka lífeyrinn, en hann hafði starfað óslitið í Lands-



SEÐLABANKI ÍSLANDS Undirmenn og millistjórnendur í bankanum máttu óvænt bera fórmarkostnað vegna einkavæðingar Landsbankans.

bankanum og Seðlabankanum frá árinu 1955.

Sumir jafnari en aðrir

Mest um vert þótti Jóhanni, Sigurði Erni Einarssyni, Sigmundi Andrésyni og fleiri starfsmönnum Seðlabankans, sem höfðuðu mál gegn Lífeyrissjóði bankamanna, að endurheimta svonefnda eftirmannsreglu. Hún reiknar eftirlaun í takt við launahækkanir sem kunna að verða hjá eftirmönnum þeirra í starfi. Nefna má að samkvæmt nýlegum lögum sem Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra og núverandi seðlabankastjóri, hlutaðist til um að setja, njóta hæstaréttardómarar, ráðherrar og þingmenn verndar eftirmannsreglunnar.

Samkvæmt upplýsingum Fjárflygninga ríkisins voru umræddar eftirlaunaskuldbindingar ríkissjóðs orðnar allt að 650 milljónum króna meiri í haust en áætlað hafði verið þegar lögín tóku gildi í ársbyrjun 2004. Þar af eru 242 milljónir króna tengdar eftirlaunum hæstaréttardómara.

Landsbankinn seljanlegri

Jóhann Ingjaldsson tengir skerðinguna beint við áform stjórnvalda árið 1997 um að einkavæða Landsbankann. Formaður bankaráðs Landsbankans á þeim tíma var Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og því fulltrúi stjórnvalda í bankaráðinu. Jóhann segir að látlaus áróður hafi verið rekinn fyrir réttindabreytingum og ný reglugerð hafi verið samþykkt á „vafasömum“ fundi þar sem nánast allir starfsmenn Seðlabankans hafi mótmælt. Þinnur Ingólfsson var viðskiptaráðherra í ráðuneyti Davíðs Oddssonar forsætisráðherra á þessum tíma og einkavæðingaráhræðirnir lágu til þeirra.


„Fyrrverandi seðlabankastjóri voru einnig ósáttir,“ segir Jóhann. „Ekki er þó vitað til þess að þeir hafi séð sér fært að styðja málstað fyrrverandi starfsmanns síns. Stjórnendur Seðlabankans munu nokkru síðar hafa séð aumur á þeim og veitt þeim uppþót í formi dagóðrar hækunar á grunnlífeyri þeirra.“

... en verra er þeirra réttlæti.

Jóhann bætir við að dómarnir hafi látið sér sæma að taka undir útúr-
snúninga um að ekki hafi verið sýnt fram á að um réttindaskerð-

ingu hafi verið að ræða. Þá hafi dómarnir einnig lítilsvirt eignarréttarkvæði stjórnarskrárinna en lífeyrir er stjórnarskrárvæðing manna.

Niðurstaða Hæstaréttar í máli Jóhanns og annarra starfsmanna Seðlabankans er meðal annars þannig rökstudd að um samtryggingarsjóð hafi verið að ræða og heimilt hafi verið að breyta reglum hans að því tilskyldu að breytingin tæki til allra sjóðsfélaga og aðferð við verðtryggingu lífeyrisins væri skuldbindingandi fyrir þá alla.



JÓHANN INGJALDSSON „Sárara og erfiðara að sætta sig við að hafa eftir ævistarfið verið hafður að fifli.“

Gunnlaugur Claessen og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómarar skiluðu sératkvæði í máli Jóhanns og héldu fast við að afnám eftirmannsreglunnar væri til þess fallin að skerða kjör lífeyrisþega. Þau vefengdu að breytingarnar hefðu náð jafnt til allra og stefnandi hefði mátt þola meiri skerðingu en aðrir sem svipað var ástatt um. „Fyrirhuguð einkavæðing Landsbanka Íslands og síðan sala án þess að bakabyrgð fyrir lífeyrisskuldbindingum flyttist yfir á kaupanda skiptir ekki máli við mat á því hvort heimilt hafi verið að skerða lífeyri áfrýjanda,“ segir í sérálitinu.

Dómararnir tveir töldu þannig að Jóhann ætti réttmæta greiðslukröfu á hendur Lífeyrissjóði bankamanna.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is

NISSAN PATROL



SKIPT_um væntingar



LENGI MÁ GOTT BÆTA

Nissan Patrol hefur löngu sannað sig sem einhver traustasti fjallajeppi sem völ er á. Hann tekur líka stöðugum framförum og fæst nú með 35" og 37" breytingu frá Arctic Trucks.

Tegund	Verð
Patrol Luxury beinskiptur	3.990.000,-
Patrol Luxury sjálfskiptur	4.090.000,-
Patrol Elegance beinskiptur	4.390.000,-
Patrol Elegance sjálfskiptur	4.490.000,-

Nýjarstilboð – 250.000,- kaupauki

33" dekk, stigbretti og dráttarbeisli að verðmæti 250.000 krónur.




Veidikortíð 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbum í kaupbæti!

Ingvar Helgason

Sævarhóla 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Frábært verð til Bandaríkjanna!



FLUG og GISTING

New York

Verð frá **51.500** kr.*

Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur á Cosmopolitan Hotel Tribeca og þjónustugjald.

Boston

Verð frá **47.100** kr.*

Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur á Midtown Hotel og þjónustugjald.

Baltimore

Verð frá **46.800** kr.*

Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur á Days Inn Inner Harbor og þjónustugjald.

Washington

Verð frá **48.500** kr.*

Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur á Washington Plaza Hotel og þjónustugjald.

FLUG

New York · Boston
Baltimore / Washington

Verð frá **36.900** kr.*

Innifalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

* Sölutímabil er til 27. janúar.
Brottför á tímabilinu 20. janúar til og með 28. febrúar.
Síðasta heimkoma 31. mars.
Verð miðast við að bókað sé á www.icelandair.is
Athugið að fleiri hótél eru í boði.

Þessi flug gefa 4.200 Vildarpunkta



viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Íslendingar hafa undanfarið verið duglegir við að fjárfesta á Bretlandi og segir Furniss það hafa vakið mikla athygli. „Breski markaðurinn hefur lengi verið sá opnasti í Evrópu. Tæplega þrjátíu prósent allra fjárfestinga á Bretlandsmarkaði eru á vegum útlendinga auk þess sem Bretar eru duglegastir Evrópuþjóða við að fjárfesta erlendis.“

Samningar sem fólk les ekki um

Jeremy Furniss er annar forstjóra breska ráðgjafafyrirtækisins Livingstone Guarantee. Furniss var staddur hér á landi á dögunum til að kynna íslenskum fyrirtækjum fjárfestingarkosti í Bretlandi og gaf sér tíma til að spjalla við Jón Skaftason.

Livingstone Guarantee er breskt ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf við eigendaskipti millistórra fyrirtækja. Livingstone er tæplega aldarfjórðungsgamalt og hefur á síðustu tíu árum komið að yfir þrjú hundruð kaupsamningum, þar af hefur rúmur helmingur verið milli landa.

Livingstone er jafnframt félagi í alþjóðasamtökum sjálfstæðra fyrirtækjaráðgjafa, Global M&A. Í samtökunum eru ráðgjafafyrirtæki í tuttugu og sjö löndum og hafa sín á milli samstarf um allt sem viðkemur fyrirtækjakaupum. Til stendur að veita íslenska ráðgjafarfrýrtæk- inu Kontakt aðild að samtökunum.

Jeremy Furniss segir ekki hægt að bera starfsemi Livingstone saman við þá sem stórir alþjóðlegir fjárfestingarbankar á borð við Goldman Sachs reka. „Við sérhæfum okkur í viðskiptum millistórra fyrirtækja. Fyrir þessi fyrirtæki fást á bilinu tíu til hundruð milljónir evra, sem er kannski álfika upphæð og stóru bankarnir taka í þóknun þegar stórfyrirtæki ganga kaupum og sölum. Það mætti segja að við sérhæfum okkur í samningunum sem fólk les ekki um í blöðunum.“

Breskur markaður sá opnasti í Evrópu

Furniss segir Global M&A samtökunum ætlað að leiða saman seljendur og kaupendur í ólíkum löndum. Smá og millistór fyrirtæki eigi oft



JEREMY FURNISS, FORSTJÓRI LIVINGSTONE GUARANTEE Furniss segir Breta undrandi á strandhöggi íslenskra fjárfesta. „Fólk trúir ekki að menn frá jafn litlu landi geti haft svo mikið fé milli handanna og býst við að allt fari úrskeiðis á endanum.“

erfitt með að finna heppilega fjárfestingarkosti erlendis „Hlutverk samtakanna er fyrst og fremst að auðvelda fyrirtækjum að fjárfesta, að leiða saman fyrirtæki frá ólíkum löndum.“

Livingstone aðstoðaði SÍF við kaupin á Lyon Seafoods fyrir nokkrum árum og er það í eina skiptið sem fyrirtækið hefur átt viðskipti við íslenska fjárfesta. „Þetta var í raun klassískt dæmi um þau viðskipti sem við komum að, kaupverðið í kringum tuttugu milljónir punda. Við vonumst til að geta átt viðskipti við fleiri íslensk fyrirtæki í framtíðinni enda teljum við mikla

fjárfestingamöguleika fyrir Íslendinga á Bretlandsmarkaði.“

Íslendingar hafa undanfarið verið duglegir við að fjárfesta á Bretlandi og segir Furniss það hafa vakið mikla athygli. „Breski markaðurinn hefur lengi verið sá opnasti í Evrópu. Tæplega þrjátíu prósent allra fjárfestinga á Bretlandsmarkaði eru á vegum útlendinga auk þess sem Bretar eru duglegastir Evrópuþjóða við að fjárfesta erlendis. Bretar hafa því tæpast efni á því að vera erlendum fjárfestum óvinveittir.“

Furniss segir viðbrögð við endurkomu víkingana, eins og hann kallar það, hafa verið jákvæð og fremur einkennst af undrun en tortryggni. „Það eru helst þessir miklu peningar sem koma fólki á óvart. Það trúir ekki að menn frá jafn litlu landi geti haft svo mikið fé milli handanna og býst við að allt fari úrskeiðis á endanum.“

Hann segist þó ekki ekki sjá

nein merki þess „Við gætum tekið kaup FL Group á hlut í EasyJet sem dæmi. Þar fannst mörgum þeir hafa keypt of dýru verði, en síðan hefur gengi bréfa í félaginu tvöfaldað. Hluthafar í fyrirtækinu gagnrýna þau kaup væntanlega ekki lengur.“

Bankar í fallbaráttu

Það er einkum tvennt sem hefur vakið athygli Furniss á viðskiptum Íslendinga á Bretlandi; í fyrsta lagi sé oft á tíðum um rótgróin fyrirtæki í traustum rekstri að ræða og í öðru lagi sjái íslenskir bankar nær alfaríð um að fjármagna kaupin „Oftast er það þannig að erlendir fjárfestar leita stuðnings breskra fjármagnstofnana þegar þeir fjárfesta í Bretlandi. Íslensku bankarnir virðast styðja útrásina heils hugar og ég tel að það muni koma sér vel fari að harðna í ári. Þeir munu ekki pakka saman og hlaupa eins og bresku bankarnir hafa stundum gert.“

Furniss telur hins vegar ólíklegt að íslensku bankarnir verði stórveldi á breskum bankamarkaði. Þar sé umhverfið erfitt, nokkrir stórir aðilar á borð við Bank of Scotland og HSBC séu gríðarsterkir. Síðan komi margir millistórir bankar, margir hverjir erlendir, sem vilji stærri sneið af kökunni „Ég tel að íslensku bankarnir standi þessum fyrirtækjum nokkuð langt að baki, enda ekki langt síðan þeir hófu starfsemi í Bretlandi.“

Hann telur þó ekki endilega víst að íslensku bankarnir stefni á toppinn. Íslendingar hafi verið að kaupa smærri en rótgróin fjármálafrýrtæki; Landsbankinn Teather and Greenwood og KB banki Singer and Friedlander. „Ef við notum líkingamál úr knattspyrnunni má segja að þessir bankar séu í fallbaráttu í úrvalsdeild. Kaupin sýna að íslensku bankarnir ætla ekki að keppa við stórveldin, heldur vilja þeir ná að festa sig í sessi sem millistórir bankar.“

Aðspurður hvort næsta skref sé ekki að breski fyrirtæki fari að fjárfesta á Íslandi telur Furniss svo ekki vera, til þess sé markaðurinn einfaldlega of lítill. „Ég gæti trúað því að það ykist eitthvað á næstu árum en held þó að það sé ekki á forgangslista breskra fjárfesta. Það væri helst að stórar verslanakeðjur kæmu hingað, sem vilja hafa flagg á sem flestum stöðum.“

Furniss var að heimsækja Ísland í fyrsta skipti og lét vel af dvölinni, hér væri blautt og kalt rétt eins og í Lundúnum „Það er frábært að koma hingað. Ísland er mikilvægur markaður í örum vexti og ég vona að við getum hjálpað sem flestum íslenskum fyrirtækjum að fjárfesta í Bretlandi.“

Tony Shearer, forstjóri Singer og Friedlander, og Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, handsala samning. Jeremy Furniss segir íslensku bankana ekki líklega til að blanda sér í stórveldslag á breskum bankamarkaði. „Ef við notum líkingamál úr knattspyrnunni má segja að þessir bankar séu í fallbaráttu í úrvalsdeild.“



Stórsýning alla helgina



2006 árgerðin komin

Tökum gamla vagninn upp í nýjan. Óvenjuhagstæð vagnalán í boði. Kaupauki fylgir staðfestum pöntunum.

Sendum myndalista um allt land. Upplýsingar á www.evro.is

ELLINGSEN

EVRO

Grandagarði 2, sími 533 1414

Frábær ávöxtun innlánsreikninga SPRON 2005

Á meðfylgjandi samanburðartöflu, sem birtist í Morgunblaðinu 12. janúar 2006, má sjá að ávöxtun innlánsreikninga SPRON árið 2005 var hreint út sagt frábær í samanburði við ávöxtun annarra banka og sparisjóða.

Nafnávöxtun á bankareikningum 2005 Janúar - desember
m. v. óhreyfða innistæðu

Visitala hákkjaði um 4,14% milli janúar og desember.

Banki	Reikningur	Ávöxtun (%)
KB banki	Debetk.reikn. einst.	1,46%
	Sérkjarareikn.	6,80%
	Gullbók	4,99%
	Metbók	5,99%
	Kostabók	4,99-7,99%
	Eignalífeyrisbók	7,94%
	Markaðs.reikn.	4,99-7,99%
	Stjórnubók 36	7,45%
	Bústópi 48	7,85%
	Framtíðarabók	8,75%
Lífeyrisbók	8,75%	
Íslandsbanki	Debetk.reikn. einst.	1,39%
	Gullvild	5,16%
	Tékkar. Platinum*	5,37-6,92%
	Uppléið, grunnþrep	4,53%
	Uppléið, 6-36m	5,13-7,63%
	Heiðursmerki	7,74%
	Verðbréfareikn.	6,79%
	Spariléið 36-60	7,47-7,74%
	Framtíðarreikn.	9,08%
	Lífeyrisbók	9,08%
Landsbankinn	Debetk.reikn., alm.	1,14%
	Vörðureikn.	3,05-6,10%
	Kjörbók, gr.-12m	5,61-6,23%
	Varðan 60	7,97%
	Lífeyrisbók óverðtr.	8,15%
	Vaxtareikningur	7,02-7,98%
	Landsbók, 36-60	7,39-7,75%
	Framtíðargrunnur	8,93%
	Lífeyrisbók, verðtr.	8,93%
	SPV	
Debetk.reikn. alm.	1,34%	
Gulldebet	3,65-6,97%	
Trompbók	3,65%	
Trompb. 12-60 m.	5,65-8,24%	
Pen.mark.reikn.	6,98-7,53%	
Bakhjarl 36-60 m.	7,48-7,74%	
Framtíðarsjóður	9,00%	
Lífsvál-1	9,00%	
Áskriftareikn.	8,16%	
VSK-reikningur	7,03%	
SPV Net	6,98-7,38%	
SPV þrep	5,38-8,13%	
Sparisjóðir	Vildarþj.-slitur.	1,34%
	Vildarþj.-gull/eðal	3,65-6,97%
	Trompbók	3,65%
	Trompb. 12-60 m.	5,65-8,24%
	Pen.mark.reikn.	6,98-7,53%
	Bakhjarl 36-60 m.	7,48-7,74%
	Framtíðarsjóður	9,00%
	Lífsvál-1	9,00%
	Áskriftareikn.	8,16%
	VSK-reikningur	7,03%
SPRON	Debetkort slitur	1,34%
	Gulldebet	3,65-6,98%
	SPRON Platinum	5,98-6,98%
	SPRON Tromp	3,65-8,24%
	SPRON Bakhj.	7,47-7,74%
	SPRON PM	6,98-7,85%
	SPRON framtíð	9,20%
	SPRON lífeyrir	9,20%
	SPRON áskrift	8,15%
	Vaxtabót*	7,53-9,23%
Viðbót*	6,85-7,26%	

* Stofnað 21. mars 2005

* Stofnað 1. október 2005

Morgunblaðið 12. janúar 2006

Þú færð nánari upplýsingar um innlánsreikninga SPRON á www.spron.is, í næsta útibúi SPRON eða hjá þjónustuveri í síma 550 1400.



Stór dagur í dag. Komdu. Nýr sýningarsalur Mazda tekinn í notkun. Bíldshöfða 8.

Brimborg tekur í notkun nýjan sýningarsal Mazda á Íslandi um helgina. Komdu í kaffi og konfekt. Komdu og skoðaðu nýja salinn og nýja bíla frá Mazda. Frábært verð í tilefni nýrra heimkynna Mazda á Íslandi. Kynntu þér tilboðin.

Komdu í kaffi og konfekt.
Opíð í dag frá kl. 13 til 16.

Skoðaðu úrval
Mazda
í nýjum
húsakynnum
Nýttu þér sérstakt
tilboð á Mazda

Gildir
aðeins til
31. janúar



Mazda2
Væntanlegur í apríl



Mazda3 Touring 1,6i
5 dyra, 5 gíra*

Besta verð 1.590.000 kr.
Bílasamningur 21.361 kr.
Rekstrarleiga 29.900 kr.



Mazda3 Touring 1,6i
4 dyra 5 gíra*

Besta verð 1.620.000 kr.
Bílasamningur 21.768 kr.
Rekstrarleiga 31.700 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 gíra*

Besta verð 2.090.000 kr.
Bílasamningur 28.078 kr.
Rekstrarleiga 39.150 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*

Besta verð 2.190.000 kr.
Bílasamningur 29.422 kr.
Rekstrarleiga 39.990 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*

Besta verð 2.240.000 kr.
Bílasamningur 30.093 kr.
Rekstrarleiga 41.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*

Besta verð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 30.764 kr.
Rekstrarleiga 42.700 kr.



Mazda MX-5 Sport 2,0i
2 dyra, 6 gíra*

Besta verð 2.750.000 kr.
Bílasamningur 36.944 kr.



Mazda RX-8 High
4 dyra 6 gíra*

Besta verð 3.190.000 kr.
Bílasamningur 42.856 kr.



Mazda6 MPS AWD 2,3i
4 dyra, 6 gíra*

Besta verð 3.390.000 kr.
Bílasamningur 45.543 kr.

Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is
– skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.

Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda3 5 dyra Touring, 5 gíra og Toyota Corolla Hatchback Terra, 5 gíra. Mazda3 kostar núna aðeins frá 1.590.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Að auki færðu vetrardekkinn þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkinn í skottið. Verð á Toyota Corolla Hatchback Terra, 5 gíra er frá 1.685.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Það sem er umfram í Mazda3 Touring:

- 1,6 lítra vél
- Stöðugleikastýrikerfi (DSC)
- Loftkælikerfi
- Stillingar í stýri fyrir hljómtæki
- Hiti í framsætum
- Rafdrifnar rúður að aftan

Brimborg
Bíldshöfði 8

Brimborg
Bíldshöfði 6

Komdu í nýjan sýningarsal Mazda
hjá Brimborg - Bíldshöfða 8.
Í dag kl. 13 til 16.

MAX1
Bílavaktin

Ný heimkynni - Nýtt verð!
1.590.000 kr.

Mazda3 5 dyra Touring 1,6i 5 gíra*



NÝTT HÚSNÆÐI

Sérstakt tilboð!

Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!

Frábær tilboð í tilefni nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

Lægra verð en kynningarverð. Vetrardekkinn færðu þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkinn í skottið. Betri kjör hjá Lýsingu.

Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

LÝSING

Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Umfelgun, smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: þokuljós og

PETTA GERÐIST > 15. JANÚAR 1559

Elísabet krýnd drottning Englands

Á þessum degi árið 1559, tveimur mánuðum eftir dauða hálf systur sinnar Maríu I Englandsdrottningar, var Elísabet Tudor, 25 ára gömul dóttir Hinriks VIII og Önnu Boleyn, krýnd Elísabet I Englandsdrottning í Westminster Abbey í Lundúnum.

Elísabet og María voru báðar dætur Hinriks áttunda. Samband þeirra var stormasamt meðan á fimm ára valdatíma Maríu stóð. Sú var kaþólsk og barðist mjög fyrir því að endurvekja vald páfa-garðs í Englandi. Við þetta gerðu mótmælendur uppreisn og María drottning lét taka Elísabetu, sem var mótmælandi, höndum og lokaði inni í Lundúnaturminum (Tower



ELÍSABET ENGLANDSDROTTNING

of London) vegna gruns um samsæri. Eftir dauða Maríu voru þó nokkur samsæri brugguð gegn Elísabetu. Hins vegar studdu flestir aðalsmenn hana, enda meirihluti þeirra mótmælendur og vonuðust þeir til meira trúarlegs umburðar-lyndis undir hennar stjórn.

Elísabet afturkallaði þau lög sem María hafði sett og setti á fót mótmælendakirkju í Englandi og studdi hina umbótasinnuðu kalvinista í Skotlandi.

Elísabet sat lengi á valdastóli eða allt til dauðadags árið 1603. Hún var oft kölluð meydrottning en hún neitaði að eiga hættu á að missa völd sín gengi hún í hjónaband.

MERKISATBURÐIR

- 1809** Jörgen Jörgensen kemur til Íslands á skipinu Clarence og dvelur hér í tvo mánuði. Hann kemur svo aftur í júní.
- 1920** Áfengisbann tekur gildi í Bandaríkjunum.
- 1929** Martin Luther King fæðist í Atlanta í Georgíu.
- 1970** Muammar al-Qaddafi verður leiðtogi Líbíu.
- 1973** Nixon Bandaríkjaforseti fyrirskipar vopnahlé í Víetnam.
- 1983** Bandalag jafnaðarmanna er stofnað að frumkvæði Vilmundar Gylfasonar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Helgi Seljan Friðriksson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, er 72 ára.

(Ásgeir) **Bolli Kristinsson** kaupsyslu- maður er 55 ára.




Einar Páll Tamimi lögfræðingur er 37 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG



1908 Edward Teller kjarnorkueðlisfræðingur.



1913 Lloyd Bridges leikari.



1929 Martin Luther King



Elskulegur einkasonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Sævin Bjarnason

verður jarðsönginn frá Langholtskirkju mánudaginn 16. janúar kl. 15.00.

Guðný Hallgrímsdóttir
Guðný Sævinsdóttir
Haraldur Sævinnson
Sigrún Dóra Sævinsdóttir
Bjarney Sævinsdóttir og barnabörn.

Símon Bahraoui
Ásgerður Þ. Ásgeirsdóttir
Birgir Sævarsson
Bjarni Fannar Bjarnason



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þorgerður Elísabet Grímsdóttir
Árskógum 8, Reykjavík,

lést mánudaginn 9. janúar. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 18. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnst hennar, er bent á Styrktarfélag vangefinna.

Ólafur Hólm Einarsson
Stella Hólm Mc Farlane
Einar Hólm Ólafsson
Birgir Hólm Ólafsson
ömmubörn og langömmubörn.

Gavin Mc Farlane
Vilborg Árný Einarisdóttir
Ósk Jóhanna Sigurjónsdóttir



Innilegar þakkir færur við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýðug vegna fráfalls föður okkar tengdaföður, afa og langafa.

Ingimars Sigurðssonar
Járnsmiðs Kópavogsbraut 1b, Kópavogi

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki deildar 14 E og 14 G á Landsspítalanum við Hringbraut og starfsfólki á hvíldarinnlögn Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi. Guð blessi ykkur öll.

Guðrún Kristinsdóttir
Helgi Stefánsson
Alexander Ingimarsson
Edda Ástvaldsdóttir
Guðmundur S. Ingimarsson
Birna Rúna Ingimarsdóttir
Friðþjófur Thorsteinsson
Ruis Barnabörn og barnabarnabörn



Í GÓÐU LAGI AÐ FAGNA VEL Inga Lind hélt í gær upp á síðasta daginn sem hún var 29 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

INGA LIND KARLSDÓTTIR: FYLLIR ÞRÍJA TUGI

Hárið er eina blekkingin

„Ég hélt eiginlega meira upp á síðasta daginn sem ég var 29 ára,“ segir Inga Lind Karlsdóttir sjónvarpskona sem er þrítug í dag, en hún hélt veislu fyrir vini, kunningja og fjölskyldu í gær. „Það er nú venjan að flestar konur segist vera 29 ára í svona fimmtán ár eftir að þær hætta að vera það, en þetta var síðasti dagurinn þar sem þurfti ekki að ljúga,“ segir Inga Lind kímín en bætir við að hún hafi hugsað sér að eldast bara eðlilega. „Ég hef svolítið verið að lita yfir gráu hárin sem eru að koma, en það er eina blekkingin,“ segir Inga Lind glettin og bætir við að helsta afmælisóskin sé sú að vinur hennar Logi Bergmann Eiðsson klári að mála málverk fyrir

sig sem hann var búinn að lofa henni í afmælisgjöf. „Ég er farin að halda að hann nái því ekki fyrir afmælið. Ég verð svekkt en reyni að bera mig mannalega,“ segir hún hlæjandi.

Þó að Inga Lind hafi gaman af afmælishaldi hefur hún ekki verið dugleg við það í gegnum tíðina. „Ég ólst upp við það að yfirleitt komst enginn í afmælið mitt vegna ófærðar, eða þá að ég var veik á þessum tíma. En nú hefur veðurfarirð einhvern veginn breyst og líklega minna um ófærð en var,“ segir Inga sem man vel eftir tvítugsafmæli sínu. „Við vinur minn sem átti afmæli á svipuðum tíma, buðum öllum skólanum í parti í sal niðri í bæ og það var

rosalega gaman,“ segir Inga sem finnst í góðu lagi að fagna vel á tímamótum sem þessum.

Inga Lind vinnur á fréttastöðinni NFS og líkar mjög vel. „Hér er mikil stemning, góður mórall og mikill kraftur sem á eftir að skila sér í mjög góðri sjónvarpsstöð,“ segir Inga sem sá ásamt fleirum um þáttinn Ísland í bítið á Stöð 2 og telur breytinguna heilmikla. „Þetta var eins og að skipta algerlega um vinnustað. Það er ekki meira stress en meiri svefn, sem er jákvætt,“ segir hún og bætir við að það sé einnig mjög skemmtilegt að vinna með Svanhildi Hólm enda sé hún ein af hennar bestu vinkonum.



Elskulegur eiginmaður minn, bróðir, mágur, faðir, afi og langafi okkar

Jón R. Árnason
læknir, Sörlaskjólí 19

Sem lést mánudaginn 9. janúar, verður jarðsönginn frá Neskirkju miðvikudaginn 18. janúar kl. 15.00.

Marlies E. Árnason
Þórunn Árnadóttir
Hólmfríður Árnadóttir
Svala Eyjólfadóttir
Árni E. Jónsson
Katrín Hildegard Jónsdóttir
Gunnar Pjetur Jónsson
Pórarinn Axel Jónsson
Þórunn Hólmfríður Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Oddur Benediktsson
Hákon Jóhannsson
Guðrún Hjörleifsdóttir
Jón Magnús Ívarsson
Erna Valgeirsdóttir
Natali Ginzul
Haraldur Axel Gunnarsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Við hjónin viljum þakka af alhug börnum okkar, tengdabörnum, barnabörnum, barnabarnabörnum og öðrum ættingjum og vinum hlýðug og rausnarskap í tilefni af 60 ára brúðkaupsafmæli okkar 2 í jólum s.l.

Þórdís Jóna Sigurðardóttir og Hreiðar Jónsson

Í leit að ævintýrum

Það snjóar úti. Kyngir niður fannhvítum snjóstjörnum ofan á glampanði stöð vélsleða sem standa vígreifir milli upphækkaðra fjallatrukka. Inni fyrir stendur Ólöf Ragnheiður Einarsdóttir í nýprjónaðri lopapeysu og lífsgleðin beinlínis geislar af henni: „Sem betur fer snjóar,“ hrópar hún glaðlega, enda snjórinn mikilvægur Fjallamönnum Ólafar. Þór-dís Lilja Gunnarsdóttir hitti Ólöfu meðan jöklarnir stækkuðu og frægðarsól óskabarns þjóðarinnar hélt áfram að rísa.

Ólöf ber þess merki að vera ákveðin og fylgin sér. Kona sem lætur drauma sína rætast. Aðeins fimmtán ára varð hún barnshafandi að skærasta knattspyrnuvundi Íslandssögunnar; sjálfum Eiði Smára Guðjohnsen. Sjálf er hún fædd í merki fiskanna og haldin ferða- og ævintýraþrá frá barnæsku. Því þurfti ekki umhugsunar við hjá Ólöfu og kærastanum Arnóri Guðjohnsen að halda á vit fótboltaævintýris í Belgíu þegar Eiður Smári var aðeins fimm vikna gamall.

„Ég var bara unglingur með lítið barn upp á arminn og vissulega var farið í gegnum það ferli hvort vit væri í þessari þungun á sínum tíma. Arnór sjálfur, foreldrar mínir og tengdaforeldrar studdu heilshugar við bakið á mér, en það voru frekar skólafélagarnir sem fáuðust yfir þessu, sem skiljanlegt var. Á full-orðinsaldri hafa mörg þeirra sent

mér heillaskeyti og finnst þeir hafa átt í Eiði Smára sem óx og dafnaði með okkur í gaggó,“ segir Ólöf og brosir að minningu sem nýlega rifjaðist upp.

„Við vorum í skólaferðalagi og ég komin fimm mánuði á leið. Bílstjórinn keyrði eins og vitlaus maður á malarvegi svo ein skólasyntir mín labbar sér fram í og spyr hvort hann ætli að koma af stað fæðingu í rútunni. Manngreiði leit aftur fyrir sig: „Hvað?! Er ég ekki að keyra unglina?“ Hvarflaði vitaskuld ekki að honum að einhver okkar væri barnshafandi, en mér finnst þetta fallett í minningunni, því unglingar passa svo vel hver upp á annan.“

Upp í móti

Eftir tólf ára dvöl í hringið belgíska fótboltans var komið að kveðjustund hjá þeim Ólöfu og Arnóri sem pari. Ólöf hélt heim til Íslands með Eiði Smára og settist á skólabeck í Leiðsögumannaskólanum.

„Í kjölfarið hóf ég störf hjá innanlandsdeild Úrvals Útsýnar og hef verið viðloðandi ferðaþjónusta síðan,“ segir Ólöf, sem kynntist Herberti Haukssyni, núverandi sambýlismanni sínum, í gegnum áhuga beggja á fjalla- og ferðamennsku.

„Herbert og þrír félagar hans stofnuðu Fjallamenn ehf. fyrir tíu árum, en einn þeirra hætti fyrir ári. Utan Herberts starfa hinir tveir í fyrirtækinu, en koma ekki nálægt rekstri á skrifstofu, svo úr varð að ég tæki við daglegum rekstri fyrirtækisins,“ segir Ólöf um Fjallamenn sem byrjuðu með einni jeppa í afþreyingaferðaþjónustu.

„Starfsemin hefur svo vaxið jafnt og þétt með árunum en stefnan aldrei verið sú að verða stærst, heldur best, og það erum við,“ segir hún upplitsdjörf og brosmild, en Fjallamenn ehf. eru elsta ferðaþjónusta sinnar tegundar á Íslandi.

„Ferðaþjónusta á Íslandi er strembindur, ekki síst nú þegar gengi krónunnar hefur staðið hátt gagnvart erlendum gjaldmiðlum og Íslandsferðir útlendinga rándýrar. Okkar stærstu viðskiptavinir eru innlendu ferðaskrifstofurnar Atlantik og Ráðstefnur og fundir, ásamt fleirum, en þær hafa árum saman lagt fé í að markaðssetja Ísland erlendis,“ segir Ólöf sem í næstu viku tekur á móti 300 ferðamönnum frá Bretlandi og Spáni.

„Við erum í samstarfi við Icelandair og tökum þátt í ferðasýningum ytra, eins og nú að við förum utan með stóran bíl úr okkar flota til Bretlands. Við leggjum mikla áherslu á að vera með góða, flotta bíla, og ætluð til að undirverktakar okkar endurnýja bíla- og tækjaflosta sinn, sem þó hefur sett marga í vanda eftir hækkingu olúgjaldsins sem gerði allan rekstur á díselbílum þyngri en áður.“

Einn yfir úfin vöð

Ólöf er ein fárra kvenna sem gengur í öll verk þegar kemur að jeppa- og jöklaferðum; með meira- og rútupróf upp á vasann.

„Ég keyri mikið sjálf og fólk hefur gaman af því að kvenmaður sitji undir stýri. Vissulega leynast hættur þegar keyrt er á jökulum



ÓLÖF RAGNHEIÐUR EINARSDÓTTIR, FERÐAFRÖMUÐUR OG MÓÐIR EIDS SMÁRA GUÐJOHNSEN Ævintýramanneskja með ferðaþrá í blóðinu og fer ein í upphækkuðum jeppum með útlendinga yfir úfnar ár og jökla landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

við keyrum aldrei á sprungusvæðum né tökum óþarfa sénsa. Við höfum verið afar heppin í okkar ferðum og setjum strangar öryggisreglur, auk þess sem enginn óvanur sest undir stýri til að keyra ferðamenn upp á jökul. Hjá okkur starfa ávallt þaulvanir menn; björgunarsveitar-, slökkviliðs-, sjúkralutninga- og lögreglumenn sem taka að sér svona aukavinnu um helgar,“ segir Ólöf með staðfestu.

„Ég hef aldrei komist í hann krappann utan hvað ég hef einstaka sinnum fest mig, en það kallast nú ekki alvarlegt mál. Það er frekar aðal skemmtiatriðið þegar maður fer út og hleypir lofti úr dekkjum til að losa sig. Ég fer iðulega einbíla í Þórsmörk og á fleiri staði, en aldrei upp á jökla. Hræðist hvorki straumpungar ár né úfin vöð,“ segir Ólöf brosmild en hún hefur oft gert samferðamönnum sínum ánægjulega hverft við.

„Stundum koma Bretar í bílinn til mín og segjast vita fátt um Ísland annað en fótboltakappann Eiði Smára Guðjohnsen. Þegar ég segi þeim að ég sé móðir hans ætla hreinlega að líða yfir þá, því þeir reikna sennilega ekki með því að lenda með mömmu Eids Smára sem bílstjóra í íslensku jöklaferðum,“ segir Ólöf og skellir upp úr. „Ég læt þetta bara flakka, enda skammast ég mín ekkert fyrir hann.“

Náttúrarn og heimsborgari

Sem barn og unglingur var Ólöf jafnan sumarlant í sveit á Minni-Borg í Grímsnesi, þaðan sem móðir hennar er ættuð og hún á sjálf sumarbústaðaland í ræktun.

„Ég er náttúrarn en heillast líka af erlendum stórborgum. Hef upplifað misjöfn ævintýri; allt frá því að versla fallega munaðarvörur í fögrum strætum Barcelona yfir í akstur fjallatrukka á íslenskum jökulum,“ segir Ólöf sem ásamt því að reka Fjallamenn ehf. notar krafta sína til þróunar nýrrar námsbrautar í Leiðsögumannaskólanum.

„Það vantar afþreyingarleiðsögumenn í íslenska ferðaþjónustu. Því var um áramótin boðið upp á nýja námsbraut þar sem þeir sem lokið hafa grunnnámi skólans geta valið sér hina nýju námsleið. Afþreyingarleiðsögumenn verða að hafa gaman af samneymi við fólk á jökulum, bæði að skemmta því og þekkja vel landið sitt, og ferðahætti af þessu tagi,“ segir Ólöf um þessa vinsælu námsleið sem strax sló í gegn.

„Í afþreyingarferðamennsku er sífellt leitað nýrra ævintýra. Við förum með fólk í flúðasiglingar, á fjórhjól, ofan í ár og í gegnum fjöll, sígum með það og rennum því yfir ár á köplum, förum í hellaskoðanir, reiptog, norðurljósaleit, slöngubrun, á vélsleða og fleira, en allt sem tengist snjó er vinsælast enda koma ferðamenn sem aldrei hafa séð snjó né jökla á ævinni,“ segir

Stundum koma Bretar í bílinn til mín og segjast vita fátt um Ísland annað en fótboltakappann Eiði Smára Guðjohnsen.

Þegar ég segi þeim að ég sé móðir hans ætla hreinlega að líða yfir þá.

Ólöf um þennan sívaxandi ferðamannaiðnað.

„Við fáum engan stuðning neinstaðar frá en ættum hiklaust að fá stuðning frá Ferðamálaráði. Þeir sem tengjast fjalla- og jöklaferðum fara allaf sömu hringina, keyra þar sem má keyra og ganga vel um landið. Hvergi er komið til móts við þann stóra ferðamannahóp og ekki einu sinni salernisaðstaða á leið frá Þingvöllum inn að Langjökli. Ég vil sjá fleiri ruslagáma, ferðasalerni og skýli fyrir ferðamenn á þessum fáfarnari slóðum utan þjóðveggar eitt, því hópurinn fer ört stækkandi,“ segir Ólöf sem í starfi sínu þarf að eltast við duttlunga íslenskrar náttúru.

„Mér finnst starfið skemmtilegast þegar daginn er farið að lengja, í miklum snjó, sólskini og blíðu, þegar stórir, brosmildir hópar pakka saman eftir vélsleðatúr og ég keyri þá heim þreytt og hamingjusama. Þá eru öll samskipti við samstarfsfólk í ferðaþjónustu skemmtileg, enda stórskrítinn og skemmtilegur þjóðflokkur þar,“ segir Ólöf skellihljæjandi.

Spáð heimsfrægd

Ekki er hægt annað en forvitnast hjá Ólöfu hvernig upplifun það sé að vera móðir jafn mikils óskabarns og Eiður Smári Guðjohnsen er.

„Mér finnst það náttúrlega algjört æði. Ég er ótrúlega stolt af Eiði Smára. Hann er ekki bara góður í fótbolta, heldur er líka yndislega góður maður með fallett hjarta. Þau Ragnhildur eiginkonan hans standa sig óskaplega vel því svona mikla velgengi er erfitt að höndla. Þau hafa verið saman frá unglingsaldri og eiga nú von á þriðja barninu, en ég þekki frá sjálfri mér að svona álag standast fáir,“ segir Ólöf hreinskilin.

„Unglingaástir ganga sjaldnast upp og þótt við Arnór séum góðir vinir gekk ástarsamband okkar ekki upp við sömu aðstæður. Eiður Smári og Ragnhildur eiga vel saman og hún styður hann heils hugar,“ segir Ólöf um vinsældir sonar síns.

„Strax í bernsku varð Eiður Smári einstaklega ljúfur drengur. Ég horfi mér stundum til skemmtunar á óþekktaröngum í Super Nanny og þótt Eiður Smári hafi eins og önnur börn átt sín grenju- og sparkköst var hann nær undan- tekningarlaust hlýðinn og góður, og reyndar eins og hugur manns, bæði

sem barn og unglingur,“ segir Ólöf sem á fyrsta árinu sá mikið knattspyrnuafni í Eiði Smára.

„Ég fór margoft til spákvenna sem allar söguð alltaf að sonur minn yrði heimsfrægur. Þínulítil var hann kominn með bolta á tærnar og bara tveggja ára gamall þegar hann skaut bolta í gegnum limgerði og rotaði gamla konu sem var að róta í beðinu hjá sér í næsta garði, sem kallaði á spítalaferð,“ segir Ólöf sem sjálf er forfallin fótboltaaðdáandi.

„Ég fylgist mikið með Chelsea, fer oft utan og vildi helst vera á hverjum einasta leik því mér finnst fótbolti svo gríðarlega skemmtilegur. Ég set mig í stellingar, mæti snemma á völlum, fæ mér bjór og byrja að óskra. Sit aldrei kyrr og verð alltaf kolvitlaus á leikjum,“ segir hún hlæjandi.

Hamingjuleit og óhróður


Það vakti athygli þegar Eiður Smári var valinn íþróttamaður ársins á dögumum að hann gaf verðlaunafé sitt til Einstakra barna.

„Þannig hefur hann alltaf verið; hann lætur gott af sér leiða,“ segir Ólöf brosmild, en örlæti Eids Smára má skrifa beint á uppeldi hans.

„Við kenndum honum að muna eftir þeim sem minna mega sín, auk þess að gera honum grein fyrir því að fótboltinn er atvinna sem ber að njóta og hafa gaman af. Öll vinna á sína góðu og slæmu daga, og þótt stundum blási á móti gengur bara betur næst. Þetta er hans mottó í dag og hann blæs ekki upp í kasti þótt hann sé ekki alltaf inni á vellinum hjá Chelsea,“ segir Ólöf um hinn jarðbundna og skynsama Eiði Smára.

„Hann var ákaflega góður námsmaður, sérstaklega í reikningi og tungumálum, sem kemur sér vel á vellinum þar sem mörg tungumál eru töluð. Eiður Smári ólst upp í sveit þegar við bjuggum í Belgíu, tók þátt í heyskap og eignaðist vini sem nú eru bændur í sveitum Belgíu. Hann getur leyft sér hvað sem hann vill en leit að hamingjan verður ekki keypt með peningum,“ segir Ólöf sem blæs á allt slúður um Eiði Smára.

„Hamingja foreldra felst í því að sjá barni sínu ganga vel. Spor þeirra sem á ungt fólk á villislóð hljóta að vera þungbær og mesta sorg sem hugsast getur. Hér get ég varla unnið fyrir hrósi og hamingjuóskum, utan hvað DV hefur reglulega apað upp óhróður gulu pressunnar um fræga fólk útra. Það á auðvitað að styðja Eiði Smára sem er einn mesti íþróttamaður sem Íslendingar hafa átt. Svo rættin blaðamennska hjálpar ekki ímynd hans á Íslandi og er varhugaverð þegar horft er til unga fólksins sem lítur upp til hans og veit ekki betur,“ segir Ólöf alvarleg, en glaðbeitt áður en hún stekkur um borð í fjallatruck á leið til jökla.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Spennandi nýjungar
í sumarfríinu 2006

Við sitjum við símann
í dag sunnudag kl. 13-16.
Sími 591 9000

Tryggðu þér bestu
gististaðina og
lægsta verðið!

10.000 kr.
afsláttur

Þeir sem bóka fyrir 15. febrúar (eða fyrstu
300 sætin) geta tryggt sér 10.000 kr.
afslátt. Aðeins takmarkað framboð sæta á
hverju flugi með afslætti.

Frá kr. **29.990**

Sumar 2006

Sumarbæklingur Terra Nova er fullur af spennandi nýjungum fyrir sumarfríð 2006. Terra Nova býður Íslendingum sumarleyfisferðir til perlu Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu sem er orðinn einn af vinsælustu áfangastöðum Evrópu og hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Salou á Costa Dorada ströndinni sunnan Barcelona hefur notið mikilla vinsælda vegna fjölbreytileika svæðisins, en þar finna allir í fjölskyldunni eitthvað við sitt hæfi. Einnig bjóðum við nú beint vikulegt flug til perlu Adriaahafsins Portoroz í Slóveníu og til Bibione á Ítalíu, einnar allra bestu sólarstrandar Ítalíu. Margir Íslendingar kannast við Bibione frá því á árum áður en þar hefur mikil uppbygging átt sér stað undanfarin ár. Á Bibione eru í boði glæsilegir, nýjir gististaðir og frábær aðstaða fyrir einstaklinga og fjölskyldur í sumarfríinu.

Bókaðu sumarfríð núna og tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið í spennandi ferð með Terra Nova í sumar.



Búlgaríá frá kr. 29.990
Sló í gegn - yfir 1.300 sæti seld.



Salou frá kr. 42.995
Sólarperlan á Costa Dorada



Bibione frá kr. 49.995
Ein glæsilegasta sólarströnd Ítalíu




Portoroz frá kr. 58.595
Perlan við Adriaahafið

Bókaðu núna á
www.terranova.is

Barcelona París
Düsseldorf München

Kynntu þér sumarbækling
Terra Nova sem dreift er
með blaðinu í dag.



Mundu
MasterCard
ferðaávisunina!

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími: 591 9000 • www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

**TERRA
NOVA**
-SPENNANDI VALKOSTUR



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 Reykjavík 10.55 13.37 16.20
 Akureyri 11.00 13.22 15.44
 Heimild: Almanak Háskólans

atvinna o.fl.

Vinnufatnaður fyrr og nú bls. 2
 Heyrnarpróf í síma bls. 2

allt - atvinna

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagurinn 15. janúar,
 15. dagur ársins 2006.

STÖRF Í BODI

Lyfjafræðingur

Rafvirkjar

Umsjónarmaður

Aðstoðarfram-
kvæmdastjóri

Tölvutæknir

Deildarstjóri

Lögfræðingur

Deildarsérfræðingur

Þjónustufulltrúar

Bílstjórar

Proskapjálfi

Kennarar

Leikskólakennarar

Félagsmálastjóri

Umönnun

Lagerstarf

Húsvörður

Verkamenn

Arkitektar

Byggingafræðingar

Hjúkrunarfræðingar

Ljósmyndari

Sölumenn

Auglýsingasími

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚDKAUP TILBOÐ O.FL.



Arnar Erlingsson er mjög ánægður í Bernhöftsbakarí.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Bakar með börnunum

Arnar Erlingsson er bakari í Bernhöftsbakarí á Bergstaðastræti. Hann segir að starfið sé mjög fjölbreytt og skemmtilegt.

Arnar byrjaði að læra til bakara síðla árs 1989. „Ég er búinn að vinna við þetta meira og minna síðan ég fékk sveinsprófið í byrjun árs 1994,“ segir Arnar.

Í ágúst á síðasta ári fór Arnar að vinna í Bernhöftsbakarí og hann er mjög ánægður þar. „Bernhöftsbakarí er fyrsta bakaríið sem var opnað á Íslandi, árið 1834. Þetta er lítið bakarí og vettvangur til þess að sýna fjölbreytni. Við keppum ekki við stóru bakaríin í braudum svo við reynum að skapa okkur sérstöðu á annan hátt,“ segir hann.

Bakarar þurfa oftast að fara mjög snemma á fætur. „Það er breytilegt hvenær fyrstu menn byrja, en það er á bilinu frá miðnætti og svona fram undir sex á morgn-

ana. Vinnutíminn er svona átta til níu tímar, en stundum er meira að gera og þá eru menn lengur,“ segir Arnar. Hann segir að það venjist fljótt að þurfa að fara svona snemma á fætur. „Ég hef aldrei átt erfitt með að vakna en þetta fer misvel í menn. Það eru alltaf plúsar með mínusunum og þó það geti verið erfitt að vakna þá erum við í staðinn búnir snemma. Svo þarf bara að skipuleggja sig rétt í kringum þetta.“

Arnar segir að börnum finnst starf bakarans mjög spennandi og hann er sjálfur að reyna að fjölga í bakarastéttinni, en hann á þriggja ára tvíbura. „Ég er búinn að skrá strákana í sveinafélagið og þeir hafa komið í vinnuna til mín. Þá standa þeir á fötu með spaða í höndunum. Mér finnst líka mjög gaman að baka heima með þeim eins og fyrir jólin þegar við vorum í piparkökunum. Maður verður bara skítugur eins og þeir og fær alveg nýja sýn á þetta.“

emilia@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[ATVINNA]

Skilafrestur á tillögum að nýju nafni VR rennur út í dag. Öllum er heimil þátttaka en í verðlaun eru 300 þúsund krónur. Dómnefnd skipa rithöfundarnir Gerður Kristný og Andri Snær Magnason, en á heimasíðu VR kemur fram að nafnið þarf annaðhvort að vera fallett, stutt og þjálft íslenskt orð eða lengra með góðri skammstöfun.

Skráning stendur yfir á ráðstefnuna Orkulindin Ísland, um gildi ál- og orkuframleiðslu á Íslandi, auk þess sem rætt verður um stöðu og horfur. Ráðstefnan fer fram föstudaginn 27. janúar á Nordica hóteli. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni www.sa.is.

Orlofsávisanir geta þeir fengið sem hafa verið í samfelldri greiðslu til Eflingar síðastliðna 12 mánuði en eiga þó að lágmarki 48 punkta í orlofskerfi félagsins. Á heimasíðu Eflingar eru félagsmenn hvattir til þess að byrja að huga strax að þessum kosti.



Atvinnuleysisbætur hækkuðu um 2,5% þann 1. janúar og auk þess hækkuðu dagpeningar bótaþega sem er með fullar bætur úr 4.219 krónum í 4.324 krónur. Fullar atvinnuleysisbætur á mánuði hækka úr 91.429 krónum í 93.701 krónur.

118

1811

Já, okkur vantar starfsfólk

JÁ óskar eftir traustum og kraftmiklum starfsmönnum. Hjá **JÁ** starfar samheldinn hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur gildin, traust, hraða, fróðleikását, nýsköpun og umhyggju að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

Já óskar eftir 1-2 þjónustufulltrúum til starfa hjá 118 og 1811 í Reykjavík. Ábyrgð þjónustufulltrúa er að veita viðskiptavinum upplýsingar í dagsins önn, bæði hratt og örugglega.

- Upplýsingar um símanúmer og heimilisföng innanlands og erlendis
- Leiðbeiningar um hvernig á að finna heimilisföng eftir kortum
- Upplýsingar úr Gulu síðunum
- Annað tilfallandi

Til þess að geta svarað hratt og örugglega þurfa þjónustufulltrúar að búa yfir almennri þekkingu og læra vel á þau upplýsinga- og símkerfi sem eru notuð.

Menntun

Kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli. Kunnátta í þýsku, spænsku eða frönsku er kostur.

Um er að ræða vaktavinnu - 100% starfshlutfall og þurfa viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk. Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið liljah@ja.is. Nánari upplýsingar veitir Lilja Hallbjörnsdóttir í síma 522 3216.

já

Stórhöfða 33 110 Reykjavík www.ja.is

www.flugfelag.is sími 570 3030 | fax 570 3001

Óskum eftir starfsmanni til framtíðarstarfa á skrifstofu tæknisviðs í Reykjavík.

Starfssvið:

Um er að ræða fullt starf. Meðal verkefna eru móttaka, lyklu og samþykkt reikninga, undirbúningur fyrir útgáfu reikninga, umsjón með aðsendum pósti, skjalavarsla o.fl.

Hæfniskröfur:

Góð ensku- og íslenskukunnátta, mjög góð tölvukunnátta, þekking á bókhaldi, leikni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum. Reynsla af sambærilegum störfum.

Tæknisvið hefur m.a. umsjón með allri vinnu og skipulaginu á viðhaldi flugvéla og innkaupum á flugvélavarahlutum.

Skriflegar umsóknir berist starfsmannaþjónustu eigi síðar en 23. janúar 2006. Rafrænar umsóknir sendist á netfangið umsoknir@flugfelag.is

Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyriræki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.

Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og líprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa gaman af vinnunni sinni.

Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 240 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS





Á mánudaginn fer fram fundur um stöðu hátækniönaðar á Íslandi. Samtök iðnaðarins standa fyrir fundinum en þau hafa lýst yfir áhyggjum vegna erfiðar stöðu hátækniyrirtækja hér á landi.

Fundað um framtíð hátækniönaðar

Samtök iðnaðarins, í samvinnu við Samtök íslenskra líftækniyrirtækja, Samtök sprotafyrirtækja og Samtök upplýsingatækniyrirtækja, efna til fundar um stöðu og stefnu í málefnum hátækniönaðar á Íslandi mánudaginn 16. janúar á Grand hóteli.

Mikið hefur verið rætt um það í fjölmiðlum að íslensk tækniyrirtæki séu að flytja starfsemi sína úr landi. Fyrirtækin sjá sig nauðug til að flytja úr landi vegna hás gengis krónunnar, hárra vaxta og jafnvel vandræða sem lúta að sæstrengjum. Forsvarsmenn fyrirtækja og Samtaka iðnaðarins hafa af þessu miklar áhyggjur og kalla eftir aðgerðum stjórnvalda.

Næstkomandi mánudag verður haldinn fundur um stöðu og stefnu í málefnum hátækniönaðar á Íslandi. Undanfarið hafa

Samtök iðnaðarins lagt ríka áherslu á að vekja athygli á mikilvægi hátækniönaðar á Íslandi, en að mati samtakanna skortir enn upp á að stjórnvöld taki alvarlegar ábendingar um hættur sem stöðja að uppbyggingu hátækniönaðarins hér á landi.

Liður í því að efla vöxt og viðgang hátækniönaðar er að stofna til fundar þar sem stjórnálmenn kynna stefnu flokka sinna og framtíðarsýn fyrir hátækniönaðar á Íslandi og hvernig á að bregðast við erfiðri stöðu margra slíkra fyrirtækja hér á landi.

Fundurinn verður þrískiptur. Byrjað verður á að nálgast málið frá sjónarhóli hátækniönaðar og þar á eftir verður rædd stefna stjórnálmaflokkanna. Fulltrúar stjórnálmaflokkanna munu sitja fyrir svörum og fundarstjóri verður Jón Steindór Valdimarsson, formaður stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Fundurinn fer fram á Grand hóteli á morgun. Upplýsingar um skráningu má sjá á www.si.is



Guðmundur Sigurjónsson sér um að starfsmenn Vegagerðarinnar séu rétt klæddir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vinnufatnaður fyrr og nú

Vinnufatnaður hefur tekið stakkaskiptum síðustu áratugi. Það er af sem áður var þegar þeir sem unnu erfiðisvinnu fóru bara í einhverjum gömlum fötum og stígvélum í vinnuna. Nú eru almennar öryggiskröfur orðnar miklu meiri og ekki sama hverju þú klæðist í vinnunni.

Guðmundur Sigurjónsson hefur unnið hjá Vegagerðinni frá 1965. Fyrstu tuttugu árin vann hann við vegagerðina sjálfa og var í flutningum, en núna er hann fulltrúi í rekstrardeild Vegagerðarinnar, þar sem hann hefur meðal annars umsjón með vinnufatnaði fyrir starfsmenn. Guðmundur segir að kröfur um hlífðarfatnað hafi breyst mikið síðustu áratugi.

„Það er skylda að nota tilskilinn öryggisfatnað og það á við þann fatnað sem starfsmenn klæðast,“ segir Guðmundur.

„Öryggiskröfurnar koma frá EES og eiga bæði við um persónuhlífar, sem eru hjálmur, andlitshlífar og þess háttar, og sýnileikastuðul fatnaðarins. Fatnaðurinn þarf að uppfylla ákveðinn sýnileikastuðul og því eru saumaðir á hann endurskinsborðar.“

Guðmundur segir að ef slys verði við vinnu kanni tryggingafélagin fyrst hvernig sá sem lenti í slysinu var búinn. „Það er athugað hvort viðkomandi hafi verið með hjálm og hvort hann hafi verið í löglegum fatnaði.“

Vegagerðin sér starfsmönnum sínum fyrir fatnaði sem uppfyllir allar öryggiskröfur. „Það var tekin ákvörðun um það að allir okkar starfsmenn fengju vinnugalla svo það væri samræmi í hlífðarfatnaði þeirra og allur okkar fatnaður er merktur stofnuninni. Nú úthluta flest ríkisfyrirtæki starfsmönnum sínum við-eigandi fatnað.“

Guðmundur segir að það hafi margt breyst frá því hann byrjaði að vinna hjá Vegagerðinni.

„Fyrst þegar ég byrjaði fengum við ekki fatnað og vorum bara í okkar eigin fötum. Svo var okkur skaffaður einn galli á ári sem var gjarnan bara svona brúnn vinnugalli en það var ekkert endurskin á honum og engin krafa um það. Í framhaldi af því fórum við að fá stígvél. Þetta hefur komið svona smátt og smátt.“

Guðmundur segir að áður en EES-kröfurnar tóku gildi hafi Vegagerðin verið komin með nokkuð góðan öryggisfatnað fyrir starfsmenn sína. „Við vorum komin með galla sem voru með endurskin á ermum og skálum. En eftir að EES kom inn þá hentum við því öllu og tókum upp nýtt.“

Eftir fjórtán ár í Frostaskjól ákváðum við að minnka við okkur af því að nú vorum við búin að koma okkur upp sumarbústað. Eftir að hafa skoðað á þriðja tug íbúða duttum við niður á þessa frábæru íbúð og fundum um leið og við stigum yfir þröskuldinn að hérna vildum við eiga heima. Og hér erum við enn. Yndisleg íbúð, róleg og fríðsæl gata og góðir grannar. ■



Viltu vinna mikilvægt starf heima hjá þér?

Velkomin í hópinn!

Grunnnámskeið fyrir verðandi dagforeldra í Reykjavík hefst í húsakynnum Námsflokka Hafnarfjarðar við Skólbraut þann 6. febrúar 2006 (70 klst.).

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar fást á þjónustumiðstöðvum borgarinnar:

- **Vesturgarði, þjónustumiðstöð Vesturbæjar**
Hjarðarhaga 45-47, sími 411-1700
- **Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða**
Skúlagötu 21, sími 411-1600
- **Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis**
Síðumúla 39, sími 411-1500
- **Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness**
Langarima 21, sími 411-1400
- **Þjónustumiðstöð Breiðholts**
Álfabakka 12, sími 411-1300
- **Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts**
Bæjarhálsi 1, sími 411-1200

Menntasvið Reykjavíkurborgar veitir leyfi til daggæslu í heimahúsum, www.menntasvid.is. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur veita foreldrum upplýsingar og dagforeldrum ráðgjöf og stuðning. Þjónustusími Reykjavíkurborgar er **411-1111**



Mercedes-Benz er yfirburðabíll. Í honum fara saman klassísk hönnun, gæði, þægindi og ending sem gera hann einstakan. Nýr C-Class er kraftmikill, lipur og sameinar kosti fjölskyldu- og sportbíls. Komdu við í ÖSKJU og kynntu þér nýjan C-Class.



Mercedes-Benz

Milljónamæringur nr. 142

Þú gætir líko unnið

Það hefur sjaldan verið eins auðvelt að vinna í Hapdrætti Háskólans. Á þessu ári drögum við út yfir 200 milljónamæringa. Tryggðu þér miða í 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.


**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings


Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

- stærsti fjölmiðillinn

allt hús

Alla mánudaga

> SUNNUDAGUR MEÐ SIGURÐI ÞÓR



Sádi-Arabía var heima

Berta Faber heitir kona sem er íslensk í aðra ættina, bandarísk í hina. Hún hefur haft fasta búsetu á Íslandi síðan 1997 en er að mestu alin upp í Sádi-Arabíu. Berta er glaðlynd og fjörleg í fasi, ber það með sér að reyna ávallt að sjá björtu hliðarnar. Og brosir gjarnan. Hún grípur til enskunnar þegar mikið liggur við.

Annars talar Berta ágæta íslensku. Hún kallar hana reyndar eldhúsíslensku. Og hún talar líka talsvert með höndunum þegar hún þarf að leggja áherslu á mál sitt. Hún er viðskiptafræðimenntuð frá Bandaríkjunum og er ennfremur með meistaraáráði í kennslufræðum.

Vatnsgangur úti og inni

Við hittumst á kaffihúsinu í Perlunni. Regnið bylur á glerhvelvingunni og hið rómaða útsýni er hvergi að sjá. „Veðrið hérna er að gera mig vitlausu,“ segir Berta meðulega en bætir því við með brosi á vör að hún sé ekki ein um að vera þreytt á þessum stanslausu umhleyppingum.

Það er klíður í Perlunni. Hópur miðaldra kvenna hefur mælt sér mót á staðnum til að ræða landsins gagn og nauðsynjar yfir súpu-bolla. Gosbrunnurinn leikur undir með reglulegu millibili. Við látum það ekki trufla okkur, dreypum á tei og kaffi og spjöllum um það sem Bertu liggur mest á hjarta núna en það er skólinn hennar, Reykjavík International School, Alþjóðaskólinn í Reykjavík sem tók til starfa í lok árs 2004.

Fleiri íslensk börn

Skólinn er í raun tilraunverkefni og hugmyndin var ekki sú að búa til skóla fyrir útlend börn fyrst og fremst heldur að kanna grundvöllinn fyrir starfsemi skóla af þessu tagi og láta reynsluna segja til um hvernig hann geti sem best þjónað íslensku samfélagi. „Fyrsta árið vorum við eingöngu með útlend börn en nú er þetta miklu fjölbreyttara hjá okkur og 70 prósent barnanna eru ekki enskumælandi og mörg eru íslensk“, segir Berta stolt.

Skólinn er til húsa í Víkurskóla í Grafarvogi og það er ákveðin samvinna milli skólanna, í verklegum greinum fyrst og fremst. Nemendafjöldinn er ekki mikill,

þau eru tólf í vetur og Berta gerir ekki ráð fyrir því að þetta verði nokkurn tíma mjög fjölmennur skóli. „Þetta er fyrst og fremst ákveðinn valkostur sem ég held að sé nauðsynlegt að hafa eins og þjóðfélagið hér hefur breyst á undanförunum árum,“ segir hún huggsi.

Skólaganga í Róm

Sjálf hefur hún kynnst því að vera í skóla af þessu tagi því hún átti sannast sagt óvenjulegan uppvöxt. Ólst hún mestan part upp í Sádi-Arabíu þar sem foreldrar hennar unnu hjá fyrirtæki á sviði olíuvinnslu. Vegna þess að skólar fyrir útlend börn í Sádi-Arabíu miðast við börn undir fjórtán ára aldri dvaldi Berta þrjú ár í Rómurborg þar sem hún gekk í skóla fyrir enskumælandi börn en fór til Sádi-Arabíu í öllum fríum og þegar færi gafst. „Ég kallaði það alltaf að fara heim til Sádi-Arabíu af því að foreldrar mínir voru þar,“ segir Berta brosandí.

Tengslin við Ísland voru þó alltaf mikil og Berta kom annað hvert ár í heimsókn til afa síns og ömmu og hún var alltaf ákveðin í að læra íslensku. „Ég átti frænku sem var fimm árum yngri en ég og hún talaði enga ensku, þannig að ég bara ætlaði að læra íslensku,“ segir hún og hlær dátt.

Er ekki Sádi-Arabi

Með þennan óvenjulega bakgrunn er ekki óeðlilegt að hún eigi erfitt með að ákveða hvaða þjóðerni hún tilheyrir en hefur raunar ekki ýkja miklar áhyggjur af því nema hvað hún aftur skelli hlæjandi að líta á sig sem Sádi-Arabi. „Hér á Íslandi lít ég alltaf á mig sem Bandaríkjamann“, segir hún kímín, „en þegar ég kem til Ameríku fæ ég alltaf sjokk og lít á mig sem Íslending,“ bætir hún hlæjandi við.

Það að eiga hvergi raunverulegar rætur plagar hana ekki mikið. „Þetta er bara hluti af þessu alþjóðlega umhverfi sem við lifum í og ekkert öðruvísi en mörg af börnunum í skólanum hjá mér upplifa,“ segir Berta og yppir öxlum. „Ég hef stundum sagt að ég hefði átt að vera sendiherrafrú,“ segir hún spök. „Vinkona mín sem er það, segir að það hefði hentað mér vel því ég get verið hvar sem er og lagað mig að aðstæðum hverju sinni,“ bætir hún við.

Hafnirðingur með hangikjötinu

En Berta varð ekki sendiherrafrú

þótt hún hefði eflaust sómt sér vel sem slík. Og það var í raun enn ein tilviljunin sem réði því að hún settist að á Íslandi, þó svo hún segist alltaf hafa verið mikill Íslendingur í sér. „Ég man að mig langaði alltaf til að eignast íslenskt vegbréf þegar ég var stelpa til að verða alvöru Íslendingur,“ segir Berta.

En hún var reyndar á leiðinni til Japan þegar hún kynntist manningnum sínum, Kristjáni Sigurðssyni, á þorralóti í Flórída. „Ég fór með mömmu og mágkonu minni og við ætluðum að fá okkur hangikjöt og flatkökur og svona íslenskan mat sem ég hafði ekki fengið lengi og svo segi ég svona eftir á í gríni að ég fékk líka Hafnirðing með hangikjötinu,“ segir Berta og brosir breitt.

Japanska ævintýrið

Japansferðinni var því slegið á frest en ekki aflýst því Berta var ákveðin í að láta Japansdrauminn rætast. Það gerðist tveimur árum síðar og hún var eitt ár í Japan að kenna Japönum ensku. „Þetta var draumur sem ég vildi ekki sleppa og ég er mjög ánægð með að hafa gert þetta, þetta var skemmtileg reynsla, allt öðruvísi samfélag og eiginlega bara ævintýri.“

Netið mesta breytingin

Frá því Japansævintýrinu lauk hefur Berta verið búsett á Íslandi. Hún býr í Garðabænum með manni sínum og þremur börnum. Hún lítur ekki svo á að það hafi verið henni erfitt að setjast hér að, það er alltaf hægt að finna eitthvað að á öllum stöðum, segir hún, og það lýsir kannski vel því víðsýna viðhorfi til búsetu sem flakk hennar um heiminn hefur mótað með henni.

Margt hefur líka breyst með árunum sem hefur gert henni kleift að njóta samskipta við vini sín um allan heim. „Netið, msn og tölvutækni hefur breytt rosalega miklu finnst mér, núna get ég verið í daglegu sambandi við vinkonur mínar og bræður mína í Bandaríkjunum, sem ég gat ekki áður. Heimurinn hefur allur skroppið saman og það er ekkert mál að fara til útlanda. Ég er orðin eins og aðrir Íslendingar sem fara til útlanda nokkrum sinnum á ári. Ég myndi ekki gera það ef ég byggði í Bandaríkjunum,“ segir Berta hreinskilnislega.

Það er kannski ekki svo bölvad eftir allt saman að vera Íslendingur. ■

ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið um helgina: lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00

ego dekor
Romantique hnotulína
Borðstofuborð 190x85
Verð áður: 45.000
-40%
Verð nú: **27.000**

Stóll
Verð áður: 12.500
-20%
Verð nú: **10.000**

Skenkur 180cm
Verð áður: 79.000
-40%
Verð nú: **47.400**

Romantique borð, 6 stólar og skenkur
ALLT SETTIÐ SAMAN NÚ: **134.400**



ego dekor
Borðstofuborð 190x90 og 6 stólar
Verð áður: 128.000
-30%
Verð nú: **89.600**

Útsalan í fullum gangi **10-50% afsláttur**
Mikið vöruúrval



ego dekor
ANGEL TUNGUSÓFI
-með djúfminnivörðu microfíber ákkaði sem hægt er að taka af og þvo
Verð áður: 139.000
-30%
Verð nú: **97.300**



ego dekor
RIO LEDUR TUNGUSÓFI
Verð áður: 212.000
-30%
Verð nú: **148.400**



ego dekor
MANGO COLLECTION

Borð 200x100 og 6 stólar Verð áður: 136.000 -20% Verð nú: 108.800	Glerskápur Verð áður: 62.000 -20% Verð nú: 49.600
Skenkur Verð áður: 85.000 -20% Verð nú: 68.000	Spigill Tilboðsverð: 19.900

Tælenskar

matvörur í úrvali
Frábær verð



BANTHAI
Laugavegi 130

na na thai
Thai Restaurant & More

Skeifan 4
S. 588 1818

STUÐ MILLI STRÍÐA sjálfskipuð ánauð

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON SVIPTI SIG FRELSINU



Veraldlegir hlutir sem mölur og ryð fá eytt eru margir hverjir þeirri ónáttúru gæddir að þeir geta gert eigendur sína að þrælum sínum. Einkabíllinn er hvítleiðasta dæmið um þetta. Það er ekki nóg með að hann gangi fyrir fokdýru eldsneyti, þarfnist sérstakra trygginga og eigi það til að bila og bregðast á ögurstundu heldur þarf líka að hlúa að honum og sinna eins og viðkvæmu gæludýri eigi hann ekki að falla óhóflega í verði.

Ég lét undan samfélagslegum þrýstingi og utanaðkomandi

áreiti um daginn og keypti mér bíl. Dansinn í kringum hann byrjaði strax; það þurfti að skipta yfir á vetrardekk, dæla á hann bensini og skipta um rúðuburrkur. Að eiga bíl er eins og að þurfa að sinna veikum einstaklingi meira og minna alla daga. Frelsiskerðingin er mikil og maður neyðist til þess að fara eftir fyrirfram lögðum brautum sem yfirleitt leiða mann í ógöngur, sérstaklega eftir nýjasta umferðarstórvirki R-listans við Hringbrautina.

Bíllaus maður er bæði frjáls og umhverfisvænn. Ég minnst enn með hlýju fimm bíllausra ára í lífi mínu þegar ég fór allra minna ferða með smábarn á bakinu fótgangandi eða í strætó. Ég

hef aldrei verið í jafn nánum tengslum við mannlífið né heldur fengið annað eins tækifæri til þess að fylgjast með skrautlegu mannlífinu í strætó og við Hlemm.


Það er eins og mig minni að eini ókosturinn við bílleysið hafi verið sá að ég hafi verið býsna oft fullur enda frelsið til drykkju ótakmarkað þegar maður er ekki bundinn við blikkbeljuna, Maður gat bara fengið sér bjór hvar sem var, hvenær sem var án þess að þurfa að hafa áhyggjur af fararskjótanum og alltaf komst maður heim, gangandi eða skrífandi.

Frelsið er vandmeðfarið en ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því enda búinn að missa það.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli



Pú og pa

Eftir SÖB



SONY

Viltu það besta?



Aðalvinningur
30" Sony LCD sjónvarp
KLV30HR35
Sony Heimabíó
DAV-DZ500

Taktu þátt!

Sendu SMS skeytið
BTC FSC á númerið 1900

Fullt af aukavinningum
12. hver vinnur

ÖLLUM SEM TAKA ÞÁTT VERÐUR BODIÐ Á
SÉRSTAKA FORÚTSÖLU HJÁ SONY CENTER KRINGLUNNI

Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is



Vinningar verða afhentir hjá SonyCenter Kringlunni. Rvk. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.


Lausn á gátu gærdagsins

5	4	8	9	1	3	7	2	6
2	7	9	6	4	5	3	1	8
6	1	3	7	2	8	4	9	5
7	8	2	5	3	6	9	4	1
4	9	1	2	8	7	5	6	3
3	6	5	4	9	1	2	8	7
9	3	6	8	7	4	1	5	2
1	5	4	3	6	2	8	7	9
8	2	7	1	5	9	6	3	4

3	6							1
			1		7			5
			3	4				2
	5							1
	7		4		2			6
9								7
		3		9	5			
		7	6		8			
		9						5 8

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ





ELVIS PRESLEY
Kallar ekki alltaf fram það besta í fólki.

Stunginn vegna Presley

Það sannaðist fyrir rétttri viku síðan að Elvis Presley kallar ekki alltaf það besta fram í fólki þegar ástríðuglæpur í orðsins fyllstu merkingu var framinn á sveitabænum Northam í vesturhluta Ástralíu.

Svo var mál með vexti að lögregla var kölluð til á heimili pars vegna heimilisofbeldis. Þegar hana bar að garði hafði þritug kona stungið kærasta sinn margsinis með skærum. Bar hún því við að þau hefðu deilt harkalega sökum þess að hann hefði þráspilað lagið Burning Love með Elvis Presley allan daginn í tilefni af því að kóngurinn átti afmæli. Maðurinn harðneitaði að setja annað lag á fóninn

og stigmagnaðist rifrildið þar til konan missti að lokum stjórn á sér og lagði til Elvisunnandans með forlata skærum.

Kærastan virðist hafa kunnað ágætlega til verka, alltént var maðurinn fluttur á spítala þar sem gert var að sex sárum á höfði, baki og fótum, en honum var hleypt heim að því loknu. Kærastan hefur hins vegar verið ákærð fyrir stórfellda líkamsárás og á yfir höfði sér fangelsisvist. Fari svo er ekki ólíklegt að kærastanum þyki viðeigandi að leika annað lag eftir Elvis í gríð og erg.

Elvis Presley hefði orðið 71 árs sunnudaginn 8. janúar. ■

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Fös. 20. Jan. kl.20
Lau. 21. Jan. kl.20 örfá sæti laus
Lau. 28. Jan. kl.20
Fös. 3. Feb. kl. 20
Lau. 4. Feb. kl. 20

eftir Jón Atla Jónasson

Hátíðaropnun
Sun. 15. Jan. kl 19.57 uppselt
Fim. 19. Jan. kl 19.57
Sun. 22. Jan. kl 19.57
Fös. 27. Jan. kl. 19.57
Sun. 29. Jan. kl. 19.57

Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Mán. 16. Jan.kl. 9 og 11 Uppselt
Þrið. 17. Jan.kl. 9 og 11 uppselt
Þrið. 24. Jan.kl. 9 og 11 Uppselt
Mið. 25. Jan.kl. 9 og 11 Uppselt

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midl.is

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason

28. jan. Örfá sæti laus
4. feb. Nokkur sæti laus
18. feb.
25. feb.
4. mars
17. mars
28. mars

Aðeins þessar sýningar
Gjafakort á Nínu og Geira
fást í miðasölunni

BROADWAY 5331100 Netfang: midasala@broadway.is
Ógreiddir miðar seldir hálfumánuði fyrir viðbúð.

ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumnýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 - 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

Námskeið um Öskubusku og Rossini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í síma: 525 4444 - endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

tílbodsdagar

Opið í dag frá kl. 13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

BORGARLEIKHÚSIÐ

Carmen **Salka Valka** **Belgíska Kongó** **WOYZECK**

Stóra svið Nýja svið/Litla svið

SALKA VALKA Su 22/1 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR!	Fi 26/1 kl. 20	Í kvöld kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR!	Su 22/1 kl. 20
WOYZECK Í kvöld kl. 20 Su 29/1 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR!	Lau 21/1 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR!	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20	
KALLI Á ÞAKINU Í dag kl. 14 UPPSELLT Su 22/1 kl. 14 SÍÐUSTU SÝNINGAR!	Lau 21/1 kl. 14	BELGÍSKA KONGÓ Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 21/1 kl. 20 Mi 1/2 kl. 20 UPPS.	Fö 20/1 kl. 20 UPPS. Lau 28/1 kl. 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20
CARMEN Fi 19/1 kl. 20 Gul kort Fö 20/1 kl. 20 Rauð kort Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort Lau 28/1 kl. 20 Blá kort Fö 3/2 kl. 20 Fö 10/2 kl. 20		GLÆPUR GEGN DISKÓINU Fi 19/1 kl. 20 Fö 27/1 kl. 20	Fi 26/1 kl. 20 Fi 2/2 kl. 20
RONJA RÆNINGJADÓTTIR FRUMSÝNT Í FEBRÚAR. MIÐASALA HAFIN		Naglinn Fö 20/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELLT Lau 21/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20 UPPSELLT Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

12 Tónar bjóða upp í dans!

STÓR
útsala
á skólavörðustíg 15
Hefst á morgun kl. 10:00

Allir diskar á útsölu
klassískir geisladiskar frá kr. 200
20-90% afsláttur!

Fyrstu 100 viðskiptavinirnir fá ókeypis geisladisk

12 Tónar
Skólavörðustígur 15 511-5656 12tonar@12tonar.is

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Fös. 20/1 örfá sæti laus, lau. 21/1 nokkur sæti laus, fös. 27/1 nokkur sæti laus, lau. 28/1 nokkur sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2, lau. 11/2 örfá sæti laus.
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Í dag sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 29/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld sun. 15/1, fös. 20/1, lau. 21/1, sun. 22/1, mið. 25/1 uppselt, fös. 27/1, lau. 28/1, sun. 29/1, fös. 3/2, lau. 4/2, sun. 5/2, mið. 8/2 örfá sæti laus, fös. 10/2, lau. 11/2, sun. 12/2 örfá sæti laus.
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Aðeins þessar sýningar!

SUNNUDAGSKVÖLD MED SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Í kvöld sun. 15/1 kl. 18:00, sun. 22/1 kl. 18:00, sun. 29/1 kl. 18:00, sun. 5/2 kl. 18:00, sun. 12/2 kl. 18:00 örfá sæti laus. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200, SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

Nýtt í bió

7 TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE
VERÐLAUNA M.A. SEM BESTA MYND, BESTI LEIKARI OG BESTI LEIKSTJÓRI

HLAUT GULLNA LJÓNID
SEM BESTA MYND ÁRSINS 2005 Á KVÍKMYNDAHÁTÍÐINI Í FENEYJUM

VALIN BESTA MYND ÁRSINS
af bandarískum gagnrýndum (Critics' Choice)

HEATH LEDGER ANNE HATHAWAY
JAKE GYLLENHAAL MICHELLE WILLIAMS

BROKEBACK MOUNTAIN

EPÍSKT MEISTARAVERK FRÁ ANG LEE

Eins og það sé ekki nóg að ala upp 12 börn
Prófaðu að fara með þau öll í friði!

STEVE MARTIN
CHEAPER BY THE DOZEN 2

Sprenglægt framhald.
Steve Martin fer enn og aftur á kostum

SJÚKUSTU FANTASÍUR PINAR VERÐA AÐ VERULEIKA!

Stranglega bönnuð innan 16 ára

★★★★
- D.Ö.J. kvikmyndir.com

★★★★
- Ö.Ö.H. DV

"The scariest American movie in a decade."
- Bill Truitt

QUENTIN TARANTINO KRÍJÓ
HOSTEL
SKRIFAÐ OG STYTTAÐ AF ELLI ROTH

Sími 553 2075 **LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRA "AMERICAN BEAUTY"

★★★
Topp5.is

WELCOME TO THE SUCK.

A FILM BY SAM MENDES
JARHEAD

Mögnuð stríðsmynd með Jake Gyllenhaal og óskarsverðlaunahöfunum Jamie Foxx og Chris Cooper

Sýnd kl. 5:40, 8 og 10:30 b.l. 16

★★★★ Toronto Sun
★★★★ HJ MBL
★★★★ Dóri DINA - DV
★★★★ 12 K&F XFM
★★★★ VJ / Topp5.is

FOREST WHITAKER JULIA STILES
A LITTLE TRIP TO HEAVEN
KINNINGUR BALTSAR KORMAK

20% afsláttur af miðaverði fyrir viðskiptavinum KB banka

★★★★
...mikið og skemmtilegt sjónarspil... - HJ MBL

BROTHERS GRIMM

★★★★
Sprenglægt framhald.
Steve Martin fer enn og aftur á kostum

STEVE MARTIN
CHEAPER BY THE DOZEN 2

Feitasta grínmynd ársins!
Just Friends
Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10

DRAUMALANDIÐ
ISLENSKT TAL

Sýnd kl. 2 og 4 ísl. tal

★★★★ **VELJID HÉR AÐ NEÐAN KVÍKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR** ★★★★★

SMÁRA BÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000	BORGARBÍÓ	SÍMI 462 3500
BROKEBACK MOUNTAIN kl. 5 og 10 B.I. 12 ÁRA	BROKEBACK MOUNTAIN kl. 5, 20, 8 og 10.40 B.I. 12 ÁRA	JUST FRIENDS kl. 10 B.I. 12 ÁRA		CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 2, 4, 6 og 8	
CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 2, 4, 6 og 8	HOSTEL kl. 3, 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA	CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 2, 4, 6 og 8		HOSTEL kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA	
HOSTEL kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10	BROTHERS GRIMM kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA	HOSTEL kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA		LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6, B.I. 14 ÁRA	
HOSTEL Í LÚXUS kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10	LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 3, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA	LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6, B.I. 14 ÁRA		DRAUMALANDIÐ kl. 2	
BROTHERS GRIMM kl. 2, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA	DRAUMALANDIÐ kl. 3	BROTHERS GRIMM kl. 4, B.I. 12 ÁRA			
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA					
THE FAMILY STONE kl. 2 og 4					
DRAUMALANDIÐ kl. 2 og 4					

400 kr. í BÍÓ!
Gildir á allar sýningar í Regnböginum merktar með rauðu

Dolby Digital SDDS Digital Sound IEX BÍÓ.IS - allt á einum stað

400 KR. Í BÍÓ GILDIR Á ALLAR SÝNGAR MERKTAR MED RAUÐU

FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan Kylie Minogue er Sorðin heil heilsu eftir að hafa fengið brjóstakrabbamein á síðasta ári og gengist undir skurðaðgerð. Samt sem áður þarf hún að halda áfram í lækni meðferð til að koma í veg fyrir að meinið dreifi sér á nýjan leik.



Söngkonan Ms Dynamite hefur fyrir rétti í London játað að hafa ráðist á lögregluþjón eftir að hún var handtekin fyrir utan næturklubb

í borginni. Dynamite, sem heitir réttu nafni Niomi McLean-Daley, var ákærð fyrir að hafa slegið kvenlögreljuþjón þann 6. janúar.

Britney verst klædd

Hinn árlegi listi Blackwells yfir verst klæddu stjórnur ársins er kominn út. Árið 2005 var það frú Britney Spears sem bar sigur úr þytum og þykir hún eiga það „heiðurinn“ fullkomlega skilinn enda hefur útgangurinn á henni aldrei verið verri. Hún hefur farið úr prinsessu poppsins yfir í algjört tískuflopp. Ekki bætir maðurinn hennar, Kevin Federline, úr skák þar sem hann þykir af flestum vera einstaklega ósmekklegur.



BRITNEY SPEARS Hún var valin verst klædd á árinu 2005 enda hefur hún sjaldan verið subblegri.



MARY KATE OLSEN Lenti í öðru sæti listans en mörgum þykir hún oft einum of druslu- leg til fara.

Sú næsta á listanum er tvíburinn Mary Kate Olsen og er það eflaust aðeins umdeildara mál þar sem mörgum þykir hún með eindæmum smekkleg.

Sú þriðja í röðinni er Jessica Simpson og á hæla hennar fylgja Eva Longoria, Mariah Carey, Paris Hilton, Anna Nicole Smith (sem Blackwell kallar Queen Kong), Shakira, Lindsay Lohan og að lokum Renée Zellweger.

Nýtt í bió

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRA "AMERICAN BEAUTY"

WELCOME TO THE SUCK.

A FILM BY SAM MENDES
JARHEAD

JAKE GYLLENHAAL FER Á KOSTUM ÁSAMT ÓSKARSVERÐLAUNAHÖFUNUM JAMIE FOXX OG CHRIS COOPER.

LAUGARÁS BÍÓ ALPABAKKA SAMBÍÓIN AKUREYRI

TVÖ - BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ ÓDYRT Í BÍÓ KR. 400

400 kr. Sprenglægt framhald. Steve Martin fer enn og aftur á kostum!
CHEAPER BY THE DOZEN 2
ATH. SÝND KL.2

Eins og það sé ekki nóg að ala upp 12 börn
Prófaðu að fara með þau öll í friði!

FEITASTI GRÍNSMELLUR ÁRSINS!
400 kr. **JUST FRIENDS**
ryan reynolds amy smart
ATH. SÝND KL.2

JÓLAMYNDIN Í ÁR
400 kr. **DRAUMALANDIÐ**
UPPLIFU DRAMMIN!
ATH. SÝND KL.2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNGAR DAGSINS - AÐEINS 400 KR -

HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL:12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI **3 BÍÓ** 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓ

Rumor has it...
Byggð á sönnum orðrómi.

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRA "AMERICAN BEAUTY"
JAKE GYLLENHAAL FER Á KOSTUM ÁSAMT ÓSKARSVERÐLAUNAHÖFUNUM JAMIE FOXX OG CHRIS COOPER
JARHEAD

THE LION THE WITCH AND THE WARDROBE
THE CHRONICLES OF
NARNIA
LÍPPLIFU STÖRFENGLEGASTA ÆVINTYRI ALLRA TÍMA!

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRANUM PETER JACKSON
NAOMI WATTS JACK BLACK ADRIEN BRODY
KING KONG

KEIRA KNIGHTLEY EDGAR RAMIREZ
MICKEY ROURKE
DOMINO

FORSÝND Í KVÖLD
KEIRA KNIGHTLEY
PRIDE & PREJUDICE
HROKI & HLEYPIDÓMAR
2 TILNEFNINGAR TIL GOLDEN GLOBE
M.A. KEIRA KNIGHTLEY SEM BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ
12.-30. JANÚAR

Lemming Læmingi
Depuis qu'Otar est parti Síðan Otar fór
Saint Ange Sankti Ange
Les poupées russes Babúska

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN	HÁSKÓLABÍÓ
JARHEAD KL. 5:30-8-10:40 B.I. 16 JARHEAD VIP KL. 8-10:40 RUMOR HAS IT KL. 3:50-6-8-10-10:20 DOMINO KL. 8-10:40 B.I. 16 CRONICLES OF NARNIA KL. 2-4-5-8-10 CRONICLES OF NARNIA VIP KL. 2-5 KING KONG KL. 6-9:30 B.I. 12 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2-3:50 HARRY POTTER & ELDBIKARINN KL. 3	CRONICLES OF NARNIA KL. 2-5 DOMINO KL. 8-10:30 B.I. 16 LITTLE TRIP TO HEAVEN KL. 8-10 DRAUMALANDIÐ KL. 2-4 JUST LIKE HEAVEN KL. 6 AKUREYRI CRONICLES OF NARNIA KL. 2-5 JARHEAD KL. 8-10:15 RUMOR HAS IT KL. 6-8 KING KONG KL. 10 HARRY POTTER KL. 2	DOMINO KL. 9 B.I. 16 PRIDE AND PREJUDICE FORSÝND KL. 9 CRONICLES OF NARNIA KL. 12-3-6 KING KONG KL. 8 B.I. 12 JUST LIKE HEAVEN KL. 3:50-6 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 12-3-6 B.I. 10 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 12-2	CRONICLES OF NARNIA KL. 3-6-9 KING KONG KL. 3-9-15 B.I. 12 RUMOR HAS IT KL. 6-8-10 HARRY POTTER OG ELDB. KL. 3-6-30-8 B.I. 10 MARCH OF THE PENGUINS KL. 3 BABÚSKA - LE POUPEES RUSSES KL. 3:10-10:30 SANKTI ANGE - SAINT ANGE KL. 10:45 LEMMING - LÆMINGI KL. 5:30-8 SÍÐAN OTAR FÓR - KL. 6 DEPUIS QU'OTAR EST PARTI

ÁLFABAKKI | 587 8900 KRINGLAN | 588 0800 AKUREYRI | 461 4666 KEFLAVÍK | 421 1170

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndin Dirty Dancing er á toppnum yfir þær kvikmyndir sem konur vilja helst horfa á þegar þeim liður illa. Stelpu-myndin Pretty Woman með Juliu Roberts í aðalhlutverki lenti í öðru sæti og söngmyndin Grease í því þriðja. Sound of Music og Gone with the Wind komu svo næstar. Karlmann virtust velja allt aðrar myndir en konurnar og efst á þeirra lista voru til dæmis Star Wars-myndirnar og gamanmyndirnar Ferris Bueller's Day Off og American Pie. Top Gun og Indiana Jones komu svo næstar.



Jake Gyllenhaal segist vel geta ímyndað sér að hætta í kvikmynda-bransanum til að sinna hinnu ástríðu sinni í lífinu - að elda. Leikarinn segir það að eyða tímanum í eldhúsinu ásamt uppáhaldshráefnunum gefi honum jafn mikið og að elda. „Matreiðsla er mikil ástríða hjá mér. Besti vinur minn og margir nánir vinir mínir eru kokkar,“ sagði hann.



Jim Carrey langaði strax að leika í myndinni Fun with Dick + Jane eftir að hann heyrði um söguþráðinn. Myndin fjallar um blankt par sem bregður á það ráð að ræna til að borga reikningana. Jim upplifði það sjálfur að vera fátækur þegar faðir hans missti starfið er Jim var litill. „Við urðum fljótt mjög fátæk og ég þurfti að vinna í verksmiðju eftir skóla. Eg fór fljótt frá því að vera með hæstu einkunn í að skilja varla hvað kennarinn var að tala um,“ sagði Jim en efnið er honum augljóslega hugleikið.

Tom Cruise var svo spenntur á fyrsta upptökudegi myndarinnar Mission Impossible 3 að hann stóðst ekki mátið að syngja stef myndarinnar á meðan tekið var upp hasaratriði. „Á fyrsta deginum vorum við Tom á hraðbát og allt í einu heyrir ég í honum að raula: Da-da-da-da-da-doodle-do,“ sagði meðleikari Toms, Jonathan Rhys Meyers. „Fyrst hélt ég að það væri verið að spila lagið til að fá okkur í stuð. En þetta var bara Tom að syngja.“



Þungapopp og drungarokk

[UMFJÖLLUN] TÓNLIST

Þó að sándið hjá Sling sé kannski ekki byltingarkennt er það þó óumdeilanlega þeirra eigið, og það fer ekki á milli mála hvað er að fara í gang þegar plata með þeim er sett á. Harður trommutaktur, skerandi gítarar og svo loks mónótónísk (sem þarf alls ekki að þýða eitthvað slæmt, sbr. Johnny Cash) rödd Henriks til að kóróna sköpunarverkið, þéttan hljóðvegg, eins og Phil Spector hefði hann notað íslenska drungarokkara fremur en svört stúlkabönd. Ef þeir minna á eitthvað minna þeir kannski helst á 80's þungapopp eins og Sisters of Mercy eða rokkaðri Depeche Mode, og ekki leiðum að líkjast.




Lagatitlarnir er líka frekar goth-legir, og kemur dauðinn fyrir í þeim fyrsta, liturinn svartur fyrir í því öðru og dauðinn mætir aftur í lagi fjögur. Ef Deadbúð Jóns Sæmundar hefði sáðrakk myndi það hljóma svona. Og það kemur einnig á daginn að fyrsta lagið er samið fyrir og tileinkað Jóni, enda endar hver setning á orðinu Dead, í bland við léttu la-la-la línu, sem myndar skemmtilegan kontrast. Platan nær líklega hápunkti sínum strax á öðru lagi, sem heitir hinu einfalda nafni Blues in Black. Þungur ryðminn grændar áfram eins og eitthvað af Exile on Main Street spilað handan grafar, og fyrsta línan er einmitt „Stonerise/Rolling down.“ Líklega er verið að kinka kolli til Keiths með myndlík-

gunni um rúllandi steina. Eftir rúmar þrjár mínútur virðist laginu lokið, en þó heldur það áfram að rúlla niður hlífina í fimm mínútur til viðbótar; allt of lengi en ekki nógu lengi samt, manni finnst næstum sem maður sé kominn í einhvern shamanískan trans sem maður vill ekki að ljúki.

Flest hinna laganna passa sig á að taka ekki lengri tíma í að segja það sem þau hafa að segja en nauðsynlegt er, enda platan öll ekki nema rétt rúmur hálf tími. Er þetta í raun kostur þar sem mörgum finnst þeir þurfa að nýta plássíð til hins ýrasta, en fylla það í staðinn með óparfa.

Henrik virðist veigra sér við að prenta texta sína, og flestir virðist þeir snúast um leitina að einhvers konar sátt, án þess að höfundur sé viss um hvort sáttin sé einhvers virði: „I'm fucked up and I'm fine,“ eða „What do we do if we can't find joy,“ áður en niðurstaðan kemur: „It don't matter now.“

Gott goth getur þó aldrei verið án alls húmors, og á The Crusher sýna Slingmenn að þeir eru langt í frá húmorslausir þegar þeir setja sig í rokkabíllham og bjóða upp í dans sem skírður er í höfuðið á



SINGAPORE SLING:
TASTE THE BLOOD OF SINGAPORE SLING
Niðurstaða: Dimmt, drungalegt og afar, afar svalt.

augndrætti. Henrik gerist rómantískur á So soft, so hard, eins og nafnið gefur til kynna, með orðunum „You pretty thing, you're killing me/ And that's just fine.“ Jafnvel þegar hann fjallar um ástina notar hann dauðametafóra. Platan er afar vel mixuð, öll hljóðfæri mynda hluta af heild frekar en að takast á við hvert annað um andrými, og virðast nýir meðlimir hafa fundið sig með réttu. Taste the Blood...er kannski ekki að nema ókennuð lönd fyrir Sling, en þeir virðast hafa náð fullum tókum á hljómi sem er þeirra eigin. Valur Gunnarsson

3 BÍÓ - 400 KR.

Sýnd kl. 3

Sýnd kl. 3 b.i. 12 ára

Sýnd kl. 3 b.i. 10 ára

Sýnd kl. 3

KRINGLAN SAMBÍÓIN ATH! Miðasalan opnar kl. 11

HÁDEGISBÍÓ - 400 KR.

Sýnd kl. 12

Sýnd kl. 12 b.i. 10 ára

Sýnd kl. 12 með íslensku tali

3 BÍÓ

400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGAR Í HÁSKÓLABÍÓ, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

HÁDEGISBÍÓ

400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.



Fjalari á leið til FH?

Markvörðurinn Fjalari Þorgeirsson er hugsanlega á leið til FH. Hann æfði með liðinu um tíma en er byrjaður að æfa aftur með Þrótti. Hann vill spila með liði í efstu deild og ku vera spenntur fyrir FH.

sport

sport@frettabladid.is

60 MEÐ ARNÓRI ATLASYNI

SEKÚNDUR

Horn, skytta eða miðja? Sitt lítið af hvoru.
Alfreð eða Viggó? Báðir sérstakir.
Hvor er betri, þú eða pabbi? Ég verð betri.
Hvar endar Ísland á EM? Ísland endar í góðu sæti.
Hverjir verða Evrópumeistarar? Ísland eða Króatía.
Af hverju handbolta? Það eru of mikil hlaup í fótboltanum.
Besti handboltamaður heims? Ólafur Stefánsson.
Alfreð er... harður gaur
Viggó er... öðruvísi hörð týpa.
Sigfús er... góður nágranni.
Akureyri eða Magdeburg? Akureyri.
Hvað er best við Þýskaland? Handboltaáhugi fólks.



> Björgólfur og Bjarnólfur í lélegasta forminu

Teitur Þórðarson, þjálfari KR, er með leikmenn sína í gríðarlega erfiðu prógrammi þessa dagana og hann tók þrekpróf á mannskapnum fyrir skömmu til að sjá stöðuna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins komu þeir Bjarnólfur Lárusson og Björgólfur Takefusa verst út úr prófinu en þeir ættu að komast í form fljótlega miðað við æfingaálagið.



ÞORMÓÐUR EGILSSON Einn dádasti leikmaður í sögu KR. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Gömul kempa lætur sjá sig á æfingum í Garðabæ:

Þormóður Egilsson æfir með 1. deildarliði Stjörnunnar

FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Þormóður Egilsson hefur að undanförunu æft með Stjörnunni í Garðabæ. Þormóður er 37 ára gamall og má segja að hann sé lifandi goðsögn í Vesturbænum þar sem hann var fyrirlíði hjá KR til margra ára og lék síðast með félaginu árið 2002 þegar það hampaði Íslandsmeistaratitlinum. Síðan þá hafa fótboltaskórnir verið á hillunni en ekki er útilokað að hann taki þá fram að nýju næsta sumar.

„Ég þekki Þormóð í gegnum sameiginlegan vin okkar. Hann er aðallega að mæta til að halda

sér í formi og lítur á þetta sem líkamsrækt. Það er ekki hægt að útiloka það að hann fari að spila fyrir okkur en við erum ekkert farnir að hugsa út í það ennþá. Hann vinnur sem lögreglumaður og gæti verið erfitt að samræma það fótboltanum,“ sagði Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari Stjörnunnar, í samtali við Fréttablaðið.

Stjarnan komst upp úr 2. deildinni á síðasta ári og mun því leika í 1. deild á komandi sumri. Garðabæingar setja stefnuna hátt og er ætlunin þar á bæ að snúa aftur í efstu deild innan tíðar. - egm



ÁFRAM Í FIRÐINUM Davíð Þór Viðarsson mun leika með Íslandsmeisturum FH næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áfram hjá FH

Miðjumaðurinn efnilegi Davíð Þór Viðarsson hefur gefið atvinnumannadrauminn upp á bátinn í bili og ætlar að einbeita sér að FH.

FÓTBOLTI Miðjumaðurinn Davíð Þór Viðarsson mun spila áfram í búningi FH í Landsbankadeildinni næsta sumar. Hann setti stefnuna á að komast út í atvinnumennskuna eftir síðasta tímabil og fór m.a. til reynslu hjá belgíska félaginu Moeskroen. Nú er hins vegar allt útlit fyrir að hann leiki áfram hér á landi.

„Ég hef verið meiddur upp á síðkastið og ég veit ekki til þess að neitt sé að gerast varðandi mín mál. Ég reikna fastlega með því að spila áfram með FH næsta sumar. Ég var að byrja í háskólanum og ætla að reyna að standa mig með FH og þá er aldrei að vita nema

maður komist eitthvert út. Stefnan hjá mér er líka að fara að skora meira,“ sagði Davíð Þór. Hann var fastamaður hjá Íslandsmeistara-liði FH í fyrra og skoraði eitt mark í átján leikjum með félaginu. Þá átti hann einnig fast sæti í U21 landsliði Íslands.

Davíð er 21 árs en hann er uppalinn hjá Hafnarfjarðarliðinu. Hann þekkir atvinnumennskuna en norska liðið Lilleström keypti hann á sínum tíma og var hann síðan lánaður til FH. Mistök á skrifstofu Lilleström urðu svo til þess að hann gat ekki snúið aftur til liðsins og keypti FH hann í sumar. - egm



ÁFRAM Í BÍTLAB/ENUM Framherjinn Hörður Sveinsson er tæplega á förum frá Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hörður Sveinsson líklegast áfram hjá Keflavík:

Líst vel á næsta sumar hjá Keflavík

FÓTBOLTI „Eins og staðan er núna sé ég ekki fram á annað en að ég muni leika áfram með Keflavík,“ sagði sóknarmaðurinn Hörður Sveinsson við Fréttablaðið en Hörður var valinn efnilegasti leikmaður Landsbankadeildarinnar á síðasta leiktímabili. Hann skoraði níu mörk í þeim sautján leikjum sem hann lék í deildinni síðasta ár og fór út til reynslu hjá nokkrum liðum að tímabilinu loknu. Hann hefur æft með RKC Waalwijk í

Hollandi, Brann í Noregi og AIK í Svíþjóð.

„Mér líst bara mjög vel á næsta sumar hjá Keflavík. Hópurinn er góður, kannski ekki mjög stór en hann er þéttur. Þetta eru strákar sem þekkja hvern annan mjög vel og ná vel saman. Ég hef því engar áhyggjur af næsta tímabili,“ sagði Hörður sem ætlar sér að standa sig vel með Keflavík næsta tímabil og sjá síðan til hvað gerist. - egm



Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir

Konur og karlar í íþróttum og fjölmiðlum



Ráðstefna á Hótel Loftleiðum 20. janúar 2006 kl. 13 - 17

Lokaráðstefna Evrópuverkefnisins „Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir“ er öllum opin án endurgjalds. Ráðstefnan fer fram á ensku.

Þátttaka tilkynnist á netfangið jafnretti@jafnretti.is eða í síma 460 6200 eigi síðar en 19. janúar.

Dagskrá

13.00 Ávarp

Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og starfandi félagsmálaráðherra

13.10 The SMS project in a nutshell

Ingunn H. Bjarnadóttir, Jafnréttisstofu

13.20 A few good women (and a large crowd of men) – results from the SMS research project

Kjartan Ólafsson, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri

13.50 Sex, Lies and Stereotypes – disseminating the research findings of the SMS project

Birgir Guðmundsson, félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri

14.20 Analysing Gender Stereotypes – a quick fix or ambiguities?

Gerd von der Lippe, Háskólanum í Telemark, Noregi

14.35 Women, sports and media: The Italian case

Mirella Pasini, Háskólanum í Genóa, Ítalíu

14.45 Visual Strategies of Power

Margarita Jankauskaite, Miðstöð jafnréttismála í Litháen

15.00 This could be you! Women empowerment through sports as a tool for change

Edit Schlaffer, Konur án landamæra, Austurríki

15.15 Kaffihlé

15.45 Pallborðsumræður

Stjórnandi: Samúel Örn Erlingsson, íþróttadeild RÚV

16.50 Ráðstefnuslit

Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu

17.00 Léttar veitingar í boði félagsmálaráðuneytisins

Fundarstjóri

Kristrún Heimisdóttir, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og verkefnið er að finna á www.jafnretti.is/sms

Jafnréttisstofa

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna:

ÍBV-FRAM 24-20

VALUR-VÍKINGUR 38-28

Mörk Vals: Ágúst Edda Björnsdóttir 12, Rebekka Skúladóttir 8, Alla Gorgjísdóttir 6, Arna Grímsdóttir 4, Sigurlaug Rúnsdóttir 2, Drífa Skúladóttir 2, Katrín Andrésdóttir 2, Lilja Valdimarsdóttir 1, Haf-rún Kristjánsdóttir 1.

Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 15, Sigríður Jóna Jónsdóttir 2.

Mörk Víkings: Natasha Damićanovic 6, Ásta Björk Agnarsdóttir 5, Þórhildur Björnsdóttir 4, Hekla Daðadóttir 4, Andrea Olsen 4, Anna Kristín Árnadóttir 3, Barbara Dröfn Fischer 1, Helga Guðmundsdóttir 1.

Varin skot: Auður Benediktsdóttir 9.

KA/ÞÓR-STJARNAN 23-33

Mörk KA/Þórs: Jurgita Marcevicute 9, Guðrún Helga Tryggvadóttir 5, Erla Heiður Tryggvadóttir 3, Þorstein Sigurjónsdóttir 3, Inga Dís Sigurðardóttir 2, Guðrún Linda Guðmundsdóttir 1.

Mörk Stjörnnar: Raket Dögg Bragadóttir 6, Sólveig Lára Kjærnested 6, Hind Hannesdóttir 5, Elzibeta Kowal 5, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 4, Kristín Clausen 4, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 2, Elísabet Gunnarsdóttir 1.

GRÓTTA-HK 31-27

FH-HAUKAR 22-24 (13-11)

Mörk FH: Maja Grönbæk 7, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 5, Ásdís Sigurðardóttir 4, Þóra B. Helgadóttir 4, Gunnur Sveinsdóttir 1.

Varin skot: Laima Miliuskaite 14.

Mörk Hauka: Hanna G. Stefánsdóttir 8, Ramune Pekarskyte 6, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Guðbjörg guðmundsdóttir 3, Martha Hermannsdóttir 2, Inga Fríða Tryggvadóttir 1.

Varin skot: Kristína Matuzeviciute 7, Helga Torfadóttir 3.

STAÐA EFSTU LIÐA:

ÍBV	10	8	1	1275:218	17
HAUKAR	9	8	0	1277:223	16
STJARNAN	10	7	1	2264:226	15
FH	10	7	0	3267:242	14
VALUR	9	7	0	2238:201	14
GRÓTTA	10	4	0	6228:233	8
HK	10	3	1	6280:301	7

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

12 13 14 15 16 17 18

Sunnudagur

■ ■ SJÓNVARP

- 10.40 Heimsbikarinn á skíðum á Rúv.
- 11.10 Spænski boltinn á Sýn.
- 13.20 Enska deildabikarinn á Sýn.
- 15.00 NFL á Sýn.
- 17.00 A1 á Sýn.
- 19.20 Ítalski boltinn á Sýn.
- 21.20 NFL-tilprif á Sýn.
- 21.50 NFL á Sýn. Bein útsending.



GÓLF-MOTTUR
við innganginn borga sig
Vörn gegn óhreinindum og bleytu

CORAL

Úrval gólfmotta til sýnis í verslun okkar

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is

Hörkuspenna í nágrannaslag í DHL-deild kvenna:

Ótrúlegur sigur Haukastúlkna á FH

HANDBOLT „Það er ekki leiðinlegt að vinna litla bróður,“ sagði Hanna G. Stefánsdóttir, leikmaður Hauka, eftir að liðið vann ótrúlegan sigur á FH í Hafnarfjarðarslag í Kaplakrikanum í gær, 24-22. FH byrjaði mun betur í leiknum og skoraði fimm fyrstu mörkin en þar var Maja Grönbæk í aðalhlutverki. Eftir því sem á fyrri hálfleikinn leið náðu Haukastúlkur að saxa á forskot og munurinn orðinn tvö mörk þegar flautað var til hálfleiks.

FH byrjaði af álíka krafti í seinni hálfleik og í þeim fyrri og

náði mest sjö marka forskoti, 20-13. Þá skyndilega fundu Haukastúlkur taktinn á meðan botninn datt úr leik heimaliðsins. Vörnin small allt í einu saman hjá Haukum sem komust í fyrsta skipti yfir í leiknum 23-22 þegar rúm mínúta var til leiksloka og Martha Hermannsdóttir skoraði. Þær náðu svo að skora síðasta mark-ið í þessum ótrúlega dramatiska nágrannaslag.

„Það er alltaf langskemmtilegast að spila á móti FH og þessi tilfinning er ólýsanleg. Þetta var frábær endaspættur hjá okkur



TAKK FYRIR MIG Ramune Pekarskyte þakkar hér almættinu eftir leikinn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

og ég er rosalega ánægð með að hafa fengið tvö stig út úr þessum leik í dag. Þetta var æðislegt,“ sagði Hanna.

Hljóðið var ekki eins gott í Kristjáni Halldórssyni, þjálfara FH. „Við spiluðum mjög vel í 45

mínútur en síðan gerðist eitt-hvað. Mitt lið fer of mikið að líta á klukkuna í stað þess að einbeita sér að leiknum. Maður má aldrei missa einbeitinguna gegn liði eins og Haukum,“ sagði Kristján.

- egm

Marita fræðslan rokkar

NASA

21. JANÚAR KL. 19:00

fram komna!

SILVÍA NÓTT

EGO

JAKOBÍNARÍNA

Kynnir Jón Gnarr

DÓRI DNA EDGAR SMÁRI

MIDASALA Á NASA

MIDAVERÐ 2000 KR

álvun ógildir miðann

ALLUR ÁGÓÐI RENNUR TIL

FÍKNIEFNA FORVARNA

HÆTTU

ÁÐUR EN ÞÚ BYRJAR

VINSKAPURINN HVERFUR ÞEGAR LEIKURINN HEFST

Peir hafa verið hatrammir andstæðingar með félagsliðum sínum alla sína tíð en mynda magnað tvíeyki með drengjalandsliði Íslands. Utan vallar eru þeir mestu máttar og eiga sér sömu markmið og drauma. *Brynjar Þór Björnsson og Hörður Axel Vilhjálmsson* eru tveir efnilegustu körfubolta-menn landsins.

Chamberlain gegn Russel. Bird gegn Magic. Magic gegn Jordan. LeBron gegn Carmelo. Allt eru þetta einvígi tveggja einstakra leikmanna sem hafa í gegnum tíðina skyggt á sjálfa viðureign liða þeirra þegar þau mætast. Þetta eru leikmenn sem augu áhorfenda límast við, í fyrstu ómeðvitað en síðar með fullri vitund, vegna þeirrar einföldu ástæðu að hæfileikar þeirra í íþróttinni eru svo óumdeildir og afgerandi.

Einhverjir teldu fráleitt að setja Brynjar Þór Björnsson gegn Herði Axel Vilhjálmssyni í þennan flokk klassískra einvígja í sögu körfuboltans. Í fyrsta lagi spila þeir vitaskuld ekki í NBA-deildinni. Í öðru lagi eru þeir á átjándu aldursári og í þriðja lagi spila þeir með KR og Fjölni á „litla“ Íslandi – og hafa gert frá því að þeir byrjuðu fyrst að æfa körfubolta, þá báðir átta ára að aldri.

En staðreyndin er hins vegar sú að þegar þeir hafa mæst á velli í gegnum tíðina verður til hið áður nefnda óútskýranlega aðdráttar-afl sem fangar athygli allra þeirra sem á horfa. Gott dæmi um þetta er leikur KR og Fjölnis í drengjaflokki sem fram fór 14. nóvember sl. Áhorfendur göptu þegar þeir horfðu á Brynjar og Hörð snúa leiknum upp í einvígi sín á milli. Þetta var leikur sem er þeim báðum enn í fersku minni, og verður það líklega um ókomna tíð.

Karfan eins og vaskafat

„Hössi setti tóninn og ég reyndi bara að halda í við hann,“ segir Brynjar þegar hann er beðinn um að rifja upp leikinn. Hörður skoraði 40 af 69 stigum Fjölnis í fyrri hálfleik en Brynjar skoraði 30 stig fyrir KR. Hörður segist sjaldan hafa upplifað annað eins og í þessum leik – karfan hefði í raun verið á stærð við vaskafat.

„Ég vissi nánast áður en ég skaut að boltinn myndi fara ofan í. Það er ekki leiðinleg tilfinning,“ segir Hörður og Brynjar tekur í sama streng. „Maður fékk náttúrulega skotleyfi og það fór eiginlega allt ofan í,“ segir hann, en hjá báðum var um að ræða persónulegt met yfir flest stig skoruð í einum leik. Þegar upp var staðið hafði KR skorad 114 stig gegn 106 stigum Fjölnis. Brynjar skorad 48 stig en Hörður 54. „Það var samt ekkert gaman að skora yfir 50 stig og tapa leiknum,“ bætir Hörður við og uppsker kvikindislegt glott frá Brynjari. Það er augljóst að sigurvinna er ekki ennþá runnin af þeim enda enda báðir keppnismenn af lífi og sál.

Förum í pirrnar á hvor öðrum

„Ég held að það megi segja að við séum báðir svolítið „dirty“ leikmenn sem gerum allt til að vinna. Það hefur í för með sér að vinskapurinn hverfur þegar leikurinn byrjar. Við gerum báðir allt til að vinna,“ segir Brynjar. „Við förum svolítið í pirrnar á hvor öðrum og það er stutt í kveikþráðinn,“ segir Hörður hreinskilinn. „Ég tek það inn á mig ef hann skorar yfir mig eða stelur

af mér boltanum. En ég held að svona sé hinn sanni íþróttandi. Við tökumst í hendur eftir leiki og þá er það búið,“ útskýrir Hörður.

Tvímennigarnir hafa ekki tölu á hversu oft þeir hafa mæst í gegnum tíðina. Þeir vilja helst ekki muna það því þeir eru sammála um að það sé mun skemmtilegra að spila saman en gegn hvor öðrum. Það hafa þeir gert með yngri landsliðunum undanfarnar fjögur ár þar sem þeir hafa náð glæstum árangri og meðal annars leitt drengjalandsliðið upp í A-deild Evrópu, sem flestir fræðimenn íþróttarinnar segja með hreinum ólíkindum þegar smæð landsins og fámennið er haft í huga.

„Ég man eftir Hössa frá því að við vorum litlir pollar. Hann hefur alltaf verið einn af þeim bestu,“ segir Brynjar. Hörður er sama sinnis. „Helsti kostur Brynjars er hausinn á honum. Hann hefur alltaf verið hrikalega klár spilarari. Ég er ekki svona skynsamur,“ segir Hörður og hlær. Brynjar dregur þó úr því og segir Hörð skilja körfubolta mjög vel. „Hann er allhlíða leikmaður, ótrúlega snöggur og það er mjög erfitt að dekkja hann,“ segir Brynjar, en þeir eru þó ekki vanir að vera settir til höfuðs hvor öðrum í leikjum, enda **B r y n j a r** meiri skotbakvörður en Hörður gerir sig út fyrir að



Benedikt Guðmundsson er þjálfari meistaraflokks Fjölnis en hafði áður yfirumsjón með yngri flokkum félagsins. Hann þjálfad yngri flokka hjá KR í mörg ár þar á undan og var einn af fyrstu þjálfurum Brynjars. Þá hefur hann þjálfad yngri landslið Íslands í körfubolta síðustu fimm ár og þar hafa Brynjar og Hörður ávallt verið viðloðandi. Hann þekkir því mjög vel til beggja leikmanna.

Brynjar Þór Björnsson

Fæðingardagur: 11. júlí 1988
Hæð: 190 cm
Þyngd: 77 kg
Staða: Skotbakvörður
Leikir í vetur: 8
Mínútur: 25,5
Stig: 14,8
Fráköst: 1,375
Stoðsendingar: 1,5
Stolnir: 2,0
Skotnýting: 41% (14/34)
3-stiga nýting: 55% (24/44)

BENEDIKT UM BRYNJAR:

Með gríðarlegan metnað og býr yfir farinu til að ná sem allra lengst í íþróttinni. Gríðarlega öflugur skotmaður með ótrúlegan leikskilning. Hann er eins og Larry Bird í þeim efnum – kann leikinn út og inn. Hann tekur andstæðinga ekki á snerpunni heldur kænskunni, bæði í vörn og sókn.



AUGA FYRIR AUGA Brynjar Þór Björnsson og Hörður Axel Vilhjálmsson hafa marga hildina háð í gegnum tíðina og skipst á að hafa betur. Í leik KR og Fjölnis í drengjaflokki í nóvember sl. hafði Brynjar betur þrátt fyrir að hafa skorad „aðeins“ 48 stig gegn 54 stigum Harðar. KR vann leikinn með sex stigum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

vera leikstjórnandi.

Ábyrgðin er skemmtileg

Hörður og Brynjar eru báðir 17 ára gamlir og þar af leiðandi á yngri ári í drengjaflokki. Samkvæmt bókinni eiga þeir þannig heil fjögur ár upp í meistaraflokkinn þar sem tvö ár í unglingsflokkinn taka við eftir drengjaflokkinn. Það horfir hins vegar þannig við að þrátt fyrir ungan aldur eru þeir þegar orðnir lykilmenn í sínum liðum í Iceland Express-deildinni.

„Meistaraflokkurinn gengur fyrir en við spilum með drengjaflokknum í stóru leikjum,“ segir Hörður en báðir æfa þeir eingöngu með meistaraflokknum. „Mér finnst hins vegar alls ekki leiðinlegra að spila með drengjaflokknum. Það er talsvert öðruvísi,“ segir Brynjar.

„Í meistaraflokknum erum við meira hluti af liðsheldinni en í drengjaflokknum erum við í meira forystuhverki. Mér persónulega líkar það mjög vel. Mér finnst skemmtilegt að hafa ábyrgð,“ útskýrir Brynjar.

Atvinnumennskan heillar

Þeir eiga það sameiginlegt að

hafa verið ungir að árum þegar þeir ákváðu að verða körfubolta-menn. „Ég held að ég hafi verið 4 ára,“ segir Brynjar sem kemur úr fjölskyldu þar sem körfuboltinn hefur lengi verið í hávegum hafður. Öðruvísi horfir við hjá Herði þar sem íþróttir þekkjast ekki í hans fjölskyldu ef hann og bræður hans eru undanskildir. „En eftir að ég fór á mína fyrstu æfingu varð ekki aftur snúið,“ segir Hörður.

Í dag, aðeins rúnum áratug eftir að hafa ákveðið að verða körfuboltamenn, viðurkenna þeir báðir að þeir séu byrjaðir að líta í kringum sig – frá Íslandi. „Mig langar að sjá hvernig körfuboltalífið er í Bandaríkjunum. En hvernær þau verður nákvæmlega veit ég ekkert um,“ segir Brynjar og bætir því við að þá horfi hann helst til háskólaboltans. „En ef það kæmi upp eitthvað spennandi frá Evrópu á næstu árum er það eitthvað sem ég myndi hafa áhuga á að skoða.“

